

Sveinn Yngvi Egilsson

HANDBÓK UM STÍLFRÆÐI

Tilraunaútgáfa

**Reykjavík
1999**

Efni

1. Stílfraði	5
1.1 Stíll og stílfraði	5
1.2 Mælskufraði fornaldar	5
1.3 Stílfraði nútímans	5
1.3.1 Viðfangsefni	6
1.4 Stílmyndunarfraði	6
1.5 Orðræðugreining	7
1.5.1 Viðfangsefni	7
2. Stíleinkenni	9
2.1 Stílblær	9
2.2 Orðflokkar	10
2.2.1 Nafnorð	11
2.2.2 Sagnorð	12
2.2.3 Lýsingarorð	13
2.3 Setningaskipun	13
2.3.1 Hliðskipun og undirskipun	13
2.3.2 Fjöltengt og ótengt	14
2.4 Frávik frá venjulegri setningaskipun	15
2.4.1 Framskipun	15
2.4.2 Framskipun sagnorðs	15
2.4.3 Framskipun forsetningarliðar	15
2.4.4 Bakskipun	16
2.4.5 Liðfall, liðfelling	16
2.4.6 Sagnfelld setning	16
2.4.7 Frumlagslaus setning	16
2.4.8 Sérstætt lýsingarorð	17
2.4.9 Setningarrof	17
2.4.10 Enjambement	18
2.5 Stílof	18
3. Stílbrögð	19
3.1 Endurtekningar	19
3.1.1 Klifun	19
3.1.2 Sítekning	20
3.1.3 Forklifun	20
3.1.4 Bakklifun	20
3.1.5 Rammaklifun	21
3.1.6 Stef	21
3.1.7 Breytt endurtekning	21
3.1.8 Orðmögnun	22
3.1.9 Orðaklösun	22
3.1.10 Stigmögnun	23
3.1.11 Hliðstæður	23
3.1.12 Andstæður	23
3.1.13 Þverstæða	24
3.1.14 Oxymoron	24
3.1.15 Krossbragð	24
3.1.16 Upptalning	24
3.1.17 Tautologia	25
3.1.18 Formúlur	25
3.1.19 Skrautyrði	25
3.2 Yfirfærð merking og umritun	26
3.2.1 Bein ljóðmynd	26
3.2.2 Líking	26
3.2.3 Myndhverfing	27
3.2.4 Persónugerving	27
3.2.5 Hlutgerving	27
3.2.6 Nafnskipti	27
3.2.7 Hluti í stað heildar	28
3.2.8 Allegoría	28
3.2.9 Tákn	29

3.2.10 Vísun	29
3.2.11 Kenning	30
3.2.12 Heiti	30
3.2.13 Nýgervíng	31
3.2.14 Nykrað	31
3.2.15 Blómað mál	32
3.2.16 Skrauthvörf	32
3.2.17 Dæmisaga	32
3.3 Frávik frá venjulegri merkingu orða	32
3.3.1 Ýkjur	32
3.3.2 Úrdráttur	33
3.3.3 Íronía	33
3.3.4 Rómantísk íronía	33
4. Ýmis ræðueinkenni og mælskulistarbrögð	35
4.1 Aposiopesis	35
4.2 Ávarp	35
4.3 Bein ræða	35
4.4 Exordium	36
4.5 Hálfbein ræða	36
4.6 Hljóðgervíngur	37
4.7 Hugsað tal	37
4.8 Inngangsorð beinnar ræðu	38
4.9 Mælskuspurning	38
4.10 Orðaleikur	38
4.11 Óbein ræða	38
4.12 Upphrópun	39
4.13 Útúrdúr	39
5. Stíltegundir	41
5.1 Alþýðlegur stíll	41
5.1.1 Harðsoðinn stíll	41
5.1.2 Impressjónískur stíll	42
5.1.3 Lágstíll	43
5.1.4 Miðstíll	43
5.1.5 Vikublaðastíll	43
5.1.6 Þjóðlegur stíll	44
5.1.7 Þjóðsagnastíll	45
5.2 Lærður stíll	46
5.2.1 Barokkstíll	46
5.2.2 Biblíustíll	47
5.2.3 Hástíll	47
5.2.4 Hefðarstíll	48
5.2.5 Kansellístíll	48
5.2.6 Lærdómsstíll	49
5.2.7 Prédikunarstíll	50
5.2.8 Skrúðstíll	50
5.2.9 Stofnanastíll	51
6. Heimildaskrá	53
6.1 Útgáfur	53
6.2 Heimildir	55
Viðaukar	57
1 Fræðikenningar Romans Jakobson	57
2 Boðskipti	59
3 Framskipun í líkingum	60
4 Bakskipun nafnorða og forsetninga	61
5 Barbarismus	62
6 Lágkúra	63
7 Uppskafning	63
8 Flokkun myndhverfinga	64
9 Alþýðleg stíleinkenni á miðöldum	65
10 Ævintýrið um Búkollu	65
11 Lærð stíleinkenni	68

1. Stílfraði

1.1 Stíll og stílfraði

Hvað er stíll? Stíll er maður sjálfur, segja Frakkar. Þeir líta svo á að það segi eitthvað um manninn sjálfan hvernig hann hagar orðunum, byggir upp setningar og skipar þeim niður. **Stíll** (á latínu: *stilus*, á frönsku og ensku: *style*) er einfaldlega það að nota málið á meðvitaðan hátt til að tjá sig, hvort sem það er í ræðu eða riti. **Stílfraði** (á ensku: *stylistics*) er sú fræðigrein sem fæst við að skýra og skilgreina slíka málnotkun á kerfisbundinn hátt. Hún er á mörkum málvísinda og bókmenntafræði. Helsta heimildin um efnið á íslensku er *Íslensk stílfraði* eftir Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson (1994) og verður hér einkum stuðst við hana ásamt einstökum uppflettigreinum í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* (ritstj. Jakob Benediktsson, 1983).

1.2 Mælskufræði fornaldar

Stílfraðin á rætur sínar að rekja til mælskufræði klassískrar fornaldar. **Mælskufræði** (gríska: *rhētorikē*, latína: *rhētorica*) var sérstök námsgrein í Grikklandi hinu forna og á miðöldum var hún kennd víða í Evrópu og sums staðar allt fram á 19. öld. Þar var lögð áhersla á að kenna nemendum hvernig góður ræðumaður nær tökum á áheyrendum sínum í krafti málsins. Í mælskufræði var miðað við þrjár stíltegundir, >**hástíl**, >**miðstíl** og >**lágstíl**, og fór það eftir efni og áheyrendum hvaða stíltegund þótti best hæfa. Auk þess fjallaði mælskufræði fyrri alda um ýmis >**stílbrögð** sem nota mátti til að skreyta málið með og orka á áheyrendur.

1.3 Stílfraði nútímans

Í byrjun 20. aldar leysti stílfraði nútímans gömlu mælskufræðina af hólmi. Henni má skipta í þrennt eftir því að hvaða frumþáttum >**boðskipta** (sjá viðauka 2) rannsóknirnar beinast aðallega: mælanda, boði eða viðtakanda:

- a. **Tjáningarstílfraði** (á ensku: *expressive stylistics*) þar sem leitað er að uppsprettu stíls hjá mælandanum og reynt að finna samsvörun milli persónuleika hans og sérstæðrar tjáningar.
- b. **Hlutlæg stílfraði** (á ensku: *objective stylistics*) þar sem litið er svo á að stíll sé samofinn textanum eða hluti af tungumálinu sjálfu. Beinist þá athyglin einkum að þeim formeigindum málsins sem ákvarða stílinn.
- c. **Áhrifastílfraði** (á ensku: *affective stylistics*) þar sem athyglinni er beint að tilfinningagildi málnotkunar eða þeim áhrifum sem hún hefur á viðtakendur.

Í þessari handbók verður einkum tekið mið af hlutlægri stílfræði, en einnig verður vikið nokkuð að áhrifastílfræði og leitast við að varpa ljósi á markmið, hlutverk eða gildi þeirra formþátta sem hafa stíllega virkni.

1.3.1 Viðfangsefni

Viðfangsefni stílfræðinnar eru margvísleg og varða jafnt talað mál sem ritað. Þó að bókmenntatextar séu áberandi viðfangsefni hafa fræðimenn einnig fjallað um stíl sem birtist í fjölmiðlum, tengsl máls og myndar í kvikmyndum, teiknimyndasögum og fleiru. Viðfangsefni fornrar mælskufræði hafa ekki heldur fallið úr gildi því að rannsóknir hafa bæði beinst að **>stíltegundum** nútímans og því hvernig klassísk **>stílbrögð** birtast í nýrri mynd á síðari tímum. Áróðurstækni 20. aldar hefur líka verið athuguð út frá stíl- og mælskufræði, t.d. ræður stjórnmálamanna. **>Fræðikenningar Romans Jakobson** (sjá viðauka 1) eru gott dæmi um tengsl fræðigreinarinnar við forna mælskufræði því að þar eru klassísk stílbrögð látin varpa ljósi á áróðurstækni og auglýsingamennsku nútímans.

1.4 Stílmyndunarfræði

Fræðikenningar Jakobsons má telja til **formgerðarstefnu** (strúktúralisma), rannsóknaraðferðar sem áberandi var upp úr miðri 20. öld. Hún átti rætur að rekja til svissneska málvísindamannsins Ferdinands de Saussure og beindist aðallega að því að skilgreina það **málkerfi** (á frönsku: *langue*) sem býr að baki **talmáli** (á frönsku: *parole*). Önnur rannsóknaraðferð, sem einnig varð útbreidd á síðari hluta aldarinnar og fjallar einkum um djúpgerð málsins, er **stílmyndunarfræði** (á ensku: *generative stylistics*). Hún varð til fyrir áhrif frá **málmyndunarfræði** (á ensku: *generative grammar*) Noams Chomsky. Germyndarsetningin „Jón skrifaði bókina“ og þolmyndarsetningin „Bókin er skrifuð af Jóni“ eru skv. henni taldar eiga uppruna í sömu djúpgerð eða sama kjarnatexta. Þeir sem fást við stílmyndunarfræði gera grein fyrir myndunarreglum sem liggja til grundvallar djúpgerð setninga og þeim skyldubundnu og valfrjálsu ummyndunarreglum sem málnotendur fylgja við að breyta djúpgerð í yfirborðsgerð. Stílgreiningin felst þá í því að bera yfirborðsgerð saman við ímyndaða djúpgerð og varpa með því ljósi á **>stíleinkenni** ákveðinna rithöfunda, svo dæmi sé tekið.

1.5 Orðræðugreining

Ein áhrifamesta rannsóknarstefna undanfarinna tveggja áratuga er **orðræðugreining** eða orðræðustílfræði (á ensku: *discourse analysis*, *discourse stylistics*), þar sem þess er freistað að stíga út fyrir málsgreinina

eða einstök tilsvör í rannsóknum. Orðræðugreining fjallar um heildstæða texta, ekki aðeins bókmenntaverk heldur og dagleg samtöl eins og þau koma fyrir í raunverulegu samhengi sínu. Málnotkunin er þá skoðuð sem virk, félagsleg athöfn. Reynt er að taka tillit til sem flestra áhrifaþátta mállegra >**boðskipta** (sjá viðauka 2), mælenda, málaðstæðna, viðtakenda, tilgangs og umfjöllunarefnis og sýna hvernig þeir hafa áhrif hver á annan og mynda samtal eða texta.

1.5.1 Viðfangsefni

Meðal viðfangsefna í orðræðugreiningu eru formföst orðaskipti eins og símtöl eða rabb verslunarmanns og viðskiptavinar. Í tengslum við þetta er reynt að skilgreina þær reglur sem menn fylgja í samtölum, svo sem hversu nákvæmir, opinskáir og skýrir menn eiga eða mega vera og hversu vel þeir halda sig við umræðuefnið, en allt getur þetta breyst eftir aðstæðum og stöðu persóna. Þessi atriði hafa líka veruleg áhrif á orðaval mælenda og það hve „vissir“ þeir eru um sannleiksgildi þess sem þeir segja eða hversu mjög þeir alhæfa. Á þann hátt geta þau t.d. ráðið miklu um notkun svokallaðra háttarorða (á ensku: *modalities*). Það geta verið háttaratviksorð eins og „vissulega“, „sennilega“, „kannski“, með háttarsögnum á borð við „verða“, „munu“, „skulu“, „þurfa“ og „kunna“. Með orðræðugreiningunni er stílfræðin því orðin liður í vettvangsathugun daglegs máls og menningar.

2. Stíleinkenni

Hvernig er hægt að lýsa stíl og hvað greinir eina stíltegund frá annarri? Í stílfræði er gjarnan miðað við ákveðin einkenni eða kennimörk þegar leitað er svara við þessum spurningum, enda er hætt við því að umræðan yrði óljós og ómarkviss ef engar væru viðmiðanirnar. Hér verður vikið að nokkrum kennimörkum sem mikilvæg eru í stílgreiningu og fjallað um þau í þessari röð: >**stílblær**; >**orðflokkar**; >**setningaskipun**; >**frávik frá venjulegri setningaskipun**; >**stílrof**. Auk þess er í 3. og 4. kafla fjallað um ýmis >**stílbrögð** og >**ræðueinkenni** sem geta sett mark sitt á stílinn. Í 5. og síðasta kafla eru þessi einkenni eða kennimörk svo notuð til þess að skilgreina ákveðnar >**stíltegundir**. Það skal þó tekið fram í eitt skipti fyrir öll að æskilegast er að fjalla um stíl í tengslum við aðra þætti boðskipta eða bókmennta, enda markast hann t.d. mjög af þeim viðtakendum eða þeirri bókmenntagrein sem um er að ræða. Hér verður reynt að benda á slík tengsl eftir föngum, en þeim verða þó ekki gerð ítarleg skil í stuttri handbók sem þessari.

2.1 Stílblær

Stíll markast af því hvaða orð eru valin, hvaða orð eru tekin fram yfir önnur sem til greina koma. Þetta er það sem kallast málsnið í málfræði, en í stílfræði er oftast notað hugtakið **stílblær**. Með því er átt við hvers eðlis orðin eru sem einkenna textann. Þau geta verið gamansöm, einlæg, tvíræð, tilgerðarleg, ýkt, háðskt o.s.frv. Í auglýsingum og stjórnmálum er t.d. algengt að notuð séu **gildishlaðin** orð, en það eru orð eins og „frelsi“, „réttlæti“, „lífsgæði“ og „ást“. Merking slíkra orða er óljós og túlkun þeirra einstaklingsbundin. Gildishlaðin orð setja einnig svip sinn á >**vikublaðastíl**.

Það getur líka sett blæ sinn á stílinn hvort orðin eru almennt **hlutlægrar** eða **huglægrar** merkingar. Hlutlæg orð eru t.d. algeng í >**þjóðlegum stíl** Íslendingasagna þar sem oft er minnst á „mann“, „skip“, „hönd“, „land“ og „hest“. Undir stílblæ falla einnig **mállýskubundin orð**, þ.e. orð sem bundin eru ákveðnum landshluta eða ákveðnum hópi fólks. Rithöfundar hafa löngum nýtt sér þetta og oft í gamansömum tilgangi.

Dæmi: Þórbergur Þórðarson endurspeglar málfar og framburð Suðursveitar á þennan hátt: „Við rörum í margar duggör þann dag. Þegar veð komum í þá seinustö, þá vorum veð aller orðner fuller. Halldór í Hestgerði var formaðör. Veð fórum upp. Kafteinninn bauð okkur neður í káetö og bað okkör að bíða, á meðan hann skrefaðe bréf“ (Þórbergur Þórðarson 1975a:17).

Sérhæfð orð eða **íðorð** geta einnig verið snar þáttur í stílblæ texta. Í skrifum um læknisfræði eru t.d. áberandi íðorð af latneskum uppruna, en á síðari árum hafa íslensk nýyrði komið æ meira í stað erlendu orðanna. Má þar nefna samsett orð eins og „þrýstingseinkenni“, „bráðaofnæmislost“ og „helftarlömun“. **Tökuorð** eða **slettur** geta enn fremur sett blæ sinn á stílinn. Á 16. og 17. öld voru tökuorð af dönskum og þýskum uppruna algeng í íslensku (Westergård-Nielsen 1946). Þetta voru gjarnan forskeytt orð eins og sagnorðin „bítala“ (miðlágþýska: *betalen*, þ.e. borga) og „fordjarfa“ (miðlágþýska: *vorderven*, þ.e. eyða). Skáldsagan *Íslandsklukkan* eftir Halldór Laxness á að gerast seint á 17. og snemma á 18. öld og þar notar höfundurinn einmitt slík tökuorð til að líkja eftir stílblæ þess tíma.

Orðaval af þessu tagi flokkast undir **málfyrningu** (gríska: *arkhaismos*), en svo er það kallað þegar notuð eru gömul eða úrelt orð, orðmyndir eða orðasambönd. Þetta er oft gert í listrænu skyni til þess að ná stílblæ liðins tíma í sögulegum skáldskap eins og í *Íslandsklukkunni* eða öðru verki Halldórs Laxness, skáldsögunni *Gerplu* (útgefin 1952), þar sem líkt er eftir fornmálinu. Í *Heljarlóðarorustu* sem Benedikt Gröndal skrifaði árið 1859 (útgefin 1861) koma einnig fyrir mörg orð af fornum uppruna, en þar eru þau notuð í gamansömum tilgangi fyrst og fremst. Gröndal líkir gagngert eftir stíl riddara- og fornaldarsagna og er fyndnin einkum í því fólgin að söguefnið eru pólitískir samtímaviðburðir 19. aldar úti í Evrópu sem færðir eru í fornan búning á háðskan hátt.

2.2 Orðflokkar

Orðflokkagreining hefur ekki átt upp á pallborðið hjá stílfræðingum 20. aldar. Orðflokkar eru ekki einhlítt stílmark, enda eru þeir málfræðileg hugtök en ekki stílfræðileg. Þeir geta þó gefið mikilvægar upplýsingar um stílinn og því er hæpið að hafna þeim með öllu eins og sumir stílfræðingar hafa gert. Því verður varla neitað að ákveðnir orðflokkar geta einkennt stíltegundir eins og t.d. má sjá á **>stofnanastíl** þar sem nafnorð og **>nafngerving** (sjá 2.2.1) eru áberandi. En ekki þýðir að einblína á orðflokkan þegar stíll er greindur, heldur verður alltaf að taka fullt tillit til merkingarþáttarins. Enda þótt ákveðin orð teljist til sama orðflokks geta þau verið mjög ólík innbyrðis. „Sálnaflakk“ og „sorptunna“ eru reyndar nafnorð bæði tvö, en merking þeirra er svo gjörólík – annað orðið t.d. huglægt, hitt hlutlægt – að orðflokkurinn einn sér veitir mjög takmarkaðar upplýsingar um þau.

Í stílfræðiritum er stundum rætt um **lýsandi stíl** og **frásagnarstíl** í tengslum við orðflokka og er þá talið að „frásagnarstíll einkennist af

mörgum og merkingarþungum sögnum og sé því í eðli sínu fjörugur og dramatískur. Í lýsandi stíl gegni lýsingarorðin aftur meginhlutverki en sagnorðin séu þar veikrar merkingar, kyrrstöðusagnir eða lýsandi sagnir í stað epískra, og sagnmyndir séu einkum lýsingarhættir eða þolmynd“ (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:89). Auðvelt er að finna dæmi um texta sem svara til þessarar tvískiptingar. Kvæðin Dalvísa eftir Jónas Hallgrímsson (1989:179–181) og Skúlaskeið eftir Grím Thomsen (1969:85–87) eru til marks um muninn á lýsandi stíl og frásagnarstíl. Fyrri kvæðið er kyrrstæð lýsing á landslagi þar sem mest ber á nafnorðum og lýsingarorðum, en sagnir eru þar sárafaár. Kvæði Gríms segir hins vegar sögu í bundnu máli þar sem ýmsar hreyfingasagnir eru áberandi.

En hraða í frásögn má vitaskuld tjá með öðrum hætti en þeim að hranna þar upp sögnum, t.d. með **>liðfalli**, og eins má hægja á frásögn án þess að lýsingarorð komi þar nokkuð við sögu, sbr. **>útúrdúra** ýmiss konar. Skiptingin í frásagnarstíl og lýsandi stíl er því ekki sjálfgefin og verður að taka henni með fyrirvara eins og ýmsu öðru í stílfræðinni. Hún hefur þó verið notuð til að skilgreina einhverjar helstu stíltegundir norræna fornrita. Er **>þjóðlegur stíll** Íslendingasagna þá talinn frásagnarstíll, en **>hefðarstíll** riddarasagna aftur á móti tekinn sem dæmi um lýsandi stíl.

2.2.1 Nafnorð

Nafnorð eru ólík innbyrðis og gegna mismunandi hlutverki innan setninga og málsgreina. Það er því hæpið að alhæfa nokkuð um stílgildi þessa orðflokks, en hér skal reynt að benda á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga þegar stíll er greindur.

Eitt eftirtektaerðasta atriðið sem varðar stílgildi nafnorða er svokölluð **nafngerving** eða notkun nafnorða þar sem allt eins mætti búast við merkingarskyldum sagnorðum eða lýsingarorðum. Með nafngervingu má setja tilfinningar og eiginleika fram sem hver önnur óvefengd hlutlæg fyrirbæri, enda er henni oft beitt í pólitískri orðræðu, áróðri og auglýsingum. Dæmi: Setninguna „Ég veit ekki af hverju – en mér finnst þessi bók leiðinleg“ væri hægt að umorða þannig að fáum dytti í hug að draga það í efa að bókin væri óskemmtileg aflestrar: „Erfitt er að segja til um af hverju leiðindi þessarar bókar stafa“. Hér eru leiðindi bókarinnar orðin að hálfgerðri staðreynd eða fyrirfram gefinni forsendu, þannig að athygli okkar er beint að öðru en því að efast um réttmæti þessarar fullyrðingar. Nafngerving er mjög einkennandi fyrir **>stofnanastíl**, sbr. orðalagið „að framkvæma mælingar“ fyrir að mæla og samsett nafnorð eins og „samanburðargrundvöllur“.

Sérstök notkun nafnorða getur einkennt ákveðna texta. Einar Benediktsson beitti nafnorðum af mikilli íþrótt í kvæðum sínum og hefur í því sambandi verið kallaður skáld eignarfallsins, enda eru eignarfallssamsetningar einkennandi fyrir skáldskaparstíl hans. Dæmi: „Neisti af heift í ÖSKU ÞRÆLAÓTTANS, / ORMSTÖNN DAUÐABEYGS í GERVI ÞÓTTANS, / vígð til FALLS og HELS í BRÆÐRABYLTU, / bera af sér fræ í nýjar sálir“ (Kvöld í Róm, 4. erindi. Einar Benediktsson 1964:137). Í þessum stutta texta koma fyrir hvorki meira né minna en níu eignarföll. Slíkar eignarfallssamsetningar verða oft þáttur í **>myndmáli** (sjá 3.2) Einars eins og sjá má á „ormstönn dauðabeygs“ sem er **>myndhverfing**. Hún minnir á að við segjum stundum að eitthvað „nagi“ okkur. Hér er það óttinn við dauðann sem fær eiginleika höggormstannar sem nagar manninn.

Í skáldskap er ekki óalgengt að nafnorð séu notuð á táknrænan hátt. Þar getur verið um lýsandi sérnöfn að ræða sem jafnvel eru nýsmíði. Kvenhetjan í *Íslandsklukku* Halldórs Laxness ber nafnið Snæfríður Íslandssól, en það er táknrænt því að þessi persóna stendur að vissu leyti fyrir það sem hreinast er og best með íslenskri þjóð. Aftur á móti bera ýmsir vandræðamenn í Íslendingasögum nöfn eins og Ljótur (*Egils saga*) og Hrappur (*Njála*), enda eru þar á ferðinni hrappar í ófögurum erindagjörðum.

2.2.2 Sagnorð

Sagnorð eru talin einkenna **>frásagnarstíl** (sjá 2.2), en andstæða hans er **>lýsandi stíll** (sjá 2.2). Að öðru leyti er erfitt að fullyrða nokkuð um stílgildi sagnorða út af fyrir sig. Þó getur ákveðin tíðanotkun orðið áberandi stíleinkenni, ekki síst þegar um er að ræða **sögulega nútíð** (latína: *praesens historicum*). Hún lýsir sér í því að nútíð sagnorða er notuð í stað þátíðar í frásögn af liðnum atburðum. Oftast er þetta bragð notað í fjörugri frásögn og miðar þá að því að áheyrandi eða lesandi skynji atburðina nær sér en ella. Sögulegri nútíð er því gjarnan beitt í dramatískum atriðum frásagnarinnar, t.d. bardagalýsingum. Í íslenskum frásagnarstíl eða **>þjóðlegum stíl** er hún algeng, bæði í Íslendingasögum og í alþýðlegum frásögnum, svo og í **>þjóðsagnastíl**. Oft er þá söguleg nútíð og þátíð notuð á víxl, jafnvel innan sömu málsgreinar.

Dæmi: „En er Egill heyrði óp það og sá að merki Þórólfs fór á hæl þá þóttist hann vita að Þórólfur mundi eigi sjálfur fylgja. Síðan HLEYPUR hann til þangað fram í milli fylkinganna. Hann varð skjótt var þeirra tíðinda er þar voru orðin þegar hann fann sína menn. Hann EGGJAR þá liðið mjög til framgöngu“ (*Egils saga* 1992:114, 54. kafli).

Áberandi notkun sagnorða í skáldskap getur einnig birst í **>inngangsorðum beinnar ræðu**, t.d. í **>þjóðsagnastíl**.

2.2.3 Lýsingarorð

Lýsingarorð eru talin einkenna **>lýsandi stíl** (sjá 2.2), en andstæða hans er **>frásagnarstíll** (sjá 2.2). **>Hefðarstíll** er dæmi um lýsandi stíl, enda er notkun lýsingarorða áberandi í riddarasögum, svo dæmi sé tekið. Þessi orðflokkur setur einnig svip sinn á þann stíl sem er á fornklassískum hetjukvæðum, en þar er iðulega um svokallaðar einkunnir að ræða.

Hugtakið **einkunn** (gríska: *epitheton*) vísar til þess að lýsingarorð, lýsingarháttur eða annar jafngildur setningarliður stendur með nafnorði eða sérnafni til nánari skilgreiningar (getur verið annað nafnorð, sbr. eignarfallseinkunn). Í fornum epískum kveðskap eins og Hómerskviðum verða einkunnir með ákveðnum nafnorðum eða sérnöfnum oft fastar **>formúlur** sem notaðar eru í margvíslegu samhengi, sbr. **>skrautyrði**. Hins vegar eru þær einkunnir sem eiga aðeins heima í ákveðnu sambandi og skapa nafnorðinu sem þær standa með nýja merkingu, oft myndræna. Slíkar einkunnir voru algengar þegar í fornklassískum skáldskap; oft voru það samsett lýsingarorð sem voru nýmyndanir skáldanna.

Í Snorra-Eddu eru þess háttar einkunnir kallaðar sannkenningar og eru þær algengar í eddukvæðum en fátíðari í dróttkvæðum. Nýmyndanir af þessu tagi setja einnig svip sinn á íslenskan skáldskap 19. og 20. aldar. Dæmi: „KLÓGULIR ernir“ (Gunnarshólmi. Jónas Hallgrímsson 1989:77), „FRÓNBALDUR Napoleón“ (þ.e. landfrekur hershöfðingi; Vorvísa 1859, 6. erindi. Benedikt Gröndal 1900:106).

2.3 Setningaskipun

2.3.1 Hliðskipun og undirskipun

Þegar stíll er greindur er gjarnan tekið mið af því hvort setningar séu hliðskipaðar eða undirskipaðar. Annars vegar er þá um að ræða **hliðskipun** (gríska: *parataxis*), en það er setningaskipun sem einkennist af hliðstæðum aðalsetningum. Í hliðskipun geta setningar verið bæði **>tengdar og ótengdar** (sjá 2.3.2). Hliðskipun er algeng í talmáli og þar sem eftir því er líkt í bókmenntum, svo sem í **>þjóðlegum stíl** Íslendingasagna, **>þjóðsagnastíl** og öðrum íslenskum ritum þar sem áhrifa sögustílsins gætir.

Hins vegar er um að ræða **undirskipun** (gríska: *hypotaxis*), en setningaskipun af því tagi einkennist af mikilli notkun aukasetninga sem eru liðir í aðalsetningu eða annarri aukasetningu. Í undirskipun eru setningar venjulega tengdar og því lítið um **>ótengdar setningar** (sjá

2.3.2) (nema vissar fallsetningar). Undirskipun er tiltölulega sjaldgæf í talmáli en er sérstakt einkenni á rökföstum, akademískum stíl. Í íslenskum fornbókmenntum er undirskipun fremur lítil og svo hélst áfram í **>þjóðlegum stíl**. Hins vegar jókst hún verulega á 16. öld og síðar, bæði í andlegum og veraldlegum ritum, fyrir áhrif frá latneskri og þýsk-danskri setningaskipun, t.d. í **>kansellístíl**. Í bókmenntum 19. aldar dró aftur verulega úr undirskipun, bæði vegna áhrifa frá stíl Íslendingasagna og síðar við vaxandi áhrif talmáls, t.d. í **>impressjónískum stíl**.

2.3.2 Fjöltengt og ótengt

Stíll ákvarðast m.a. af því hvernig tengingu setninga er háttað. Er þá annars vegar rætt um **fjöltengdar setningar** (gríska: *polysyndeton*): áberandi notkun samtenginga, einkum „og“ og „en“, milli setninga, setningarhluta eða einstakra orða. Þessi setningaskipun er algeng í talmáli, ekki síst máli barna. Hún er einkenni á **>biblústíl** Gamla testamentisins og **>þjóðsagnastíl**. Í öðrum bókmenntum eru fjöltengdar setningar oft notaðar, bæði sem tilbreyting og í öðrum tilgangi, m.a. til þess að hægja á frásögninni eða til þess að tengja saman röð athugana í eina heildarmynd.

Dæmi: „OG mér varð illa við allt mitt strit, er ég streittist við undir sólinni, með því að ég verð að eftirskilja það þeim manni, er kemur eftir mig. OG hver veit, hvort hann verður spekingur eða heimskingi? OG þó á hann að ráða yfir öllu striti mínu, er ég hefi streist við og viturlega með farið undir sólinni – einnig það er hégómi“ (Prédikarinn 2.18–19. *Gamla testamentið. Biblían* 1981:683). Sjá annað dæmi um fjöltengdar setningar í niðurlagi **>ævintýrsins um Búkollu** (viðauki 10).

Andstæðar fjöltengdum setningum eru **ótengdar setningar** (gríska: *asyndeton*): setningaskipun þar sem sleppt er samtengingum milli hliðstæðra setninga, setningarhluta eða einstakra orða. Sem **>stílbragð** getur þetta haft margs konar áhrif: aukið hraða í frásögn, lagt áherslu á andstæður („í dag mér, á morgun þér“) og á einstaka liði í upptalningu, t.d. með því að sleppa tengiorði á undan síðasta lið; við það getur myndast stígandi („Ég kom, ég sá, ég sigraði“) eins og í stílbragðinu **>stigmögnun**. Þessi setningaskipun er yfirleitt ekki einráð í neinum stíl heldur er henni beitt í sérstökum tilgangi eða til tilbreytingar.

2.4 Frávik frá venjulegri setningaskipun

Orðaröð í beygingamálum eins og íslensku er frjálsari en í málum þar sem beygingar hafa horfið að verulegu leyti (t.d. í ensku og Norðurlandamálum); í beygingamálum er því um fleiri kosti að velja í orðaröð sem geta haft áhrif á stíl. Með breyttri orðaröð er hægt að leggja

sérstaka áherslu á einstök orð eða setningarliði, ná vissum áhrifum í hrynjandi og hljómfegurð. Sjálfgefin orðaröð er það kallað þegar röð setningarliða er: frumlag, umsögn + aðrir liðir (þiggjandi, andlag, atviksliðir, forsetningarliðir). Dæmi um frávík frá henni eru stílbrögðin >**framskipun**, >**bakskipun** og >**liðfall**. Stílbrögðin >**setningarrof** og >**enjambement** snúast hins vegar um það hvort eðlilegt framhald er á setningu eða ekki.

2.4.1 Framskipun (latína: *inversio*): >**stílbragð** sem felst í því að einhverjum setningarhluta, orði, orðasambandi eða jafnvel setningu er skipað á undan frumlaginu í aðalsetningu. Þetta þýðir að breyting verður á sjálfgefinni orðaröð íslensku (frumlag, umsögn + aðrir liðir) og er þá sögnin ávallt á undan frumlagi. Með framskipun má veita hverjum þeim setningarlið sem vera skal aukna áherslu. Þetta er einkar greinilegt í íslenskum málsháttum. Dæmi: „SANNLEIKANUM verður hver sárreiðastur“ (framskipun andlags). Framskipun af ýmsu tagi er mjög algeng í Íslendingasögum. Má þar oft greina >**framskipun sagnorðs** og >**framskipun forsetningarliðar**. Framskipun kemur einnig við sögu í >**líkingum** (sjá viðauka 3).

2.4.2 Framskipun sagnorðs: ein tegund stílbragðsins >**framskipunar**. Umsögn er þá sett fremst í setningu eða málsgrein, þar sem vanalega er frumlag skv. sjálfgefinni orðaröð íslensku (frumlag, umsögn + aðrir liðir). Þetta er einkenni á >**frásagnarstíl** (sjá 2.2), t.d. algengt í >**þjóðlegum stíl** Íslendingasagna og í >**þjóðsagnastíl**. Dæmi: Sjá dæmi í >**ævintýrinu um Búkollu** (viðauki 10).

2.4.3 Framskipun forsetningarliðar: ein tegund stílbragðsins >**framskipunar** þar sem forsetningarlið er skipað framar í setningu eða málsgrein en sjálfgefin orðaröð íslensku segir til um. Dæmi: „UNDIR HOLA ÞAGNARSKELINA / leita stakir bassatónar / þegar íshjartað slær“ (Vetrardagur, 4. erindi. Stefán Hörður Grímsson 1979:56).

2.4.4 Bakskipun: svo má kalla það >**stílbragð** sem er andstætt framskipun. Þá er orði eða setningarlið sem stendur framarlega í sjálfgefinni orðaröð íslensku skipað aftast í setningu. Bakskipun er eitt af >**lærðum stíleinkennum** síðari alda (sjá viðauka 11) og lýsir sér þar í því að sagnorðum er skipað aftast í aukasetningum. Í bundnu máli er ekki óalgengt að >**nafnorðum og forsetningum** (sjá viðauka 4) sé skipað aftast

í setningu eða braglínu, enda leyfist óvenjulegri orðaröð í ljóðum en í lausu máli.

2.4.5 Liðfall, liðfelling (gríska: *ellipsis*): brottfelling orða eða setningarliða sem auðvelt er að ráða af samhengi textans. Þetta er algengt í venjulegu máli, og oft erfitt að skera úr því hvort um liðfall er að ræða eða upphaflegt knappara setningarform. Liðfall telst til **>stílbragða**. Það er notað til þess að gera stíl knappari og hraðari, bæði í talmáli og bókmenntum, en oft er það líka gert til þess að komast hjá óþarfa endurtekningu. Algengast er að umsögn og frumlag séu felld brott og er þá rætt um **>sagnfellda setningu**, **>frumlagslausa setningu** og **>sérstætt lýsingarorð**. Einna mest kveður að liðfalli í svokölluðum „símskeytastíl“, en þá er reynt að komast af með sem fæst orð.

Dæmi: „O Lítið sægrænt kaffihús. Vert O á tali við kúnna, laust borð O í horninu, kona O að stakka stólum“ (*Persónur og leikendur*. Pétur Gunnarsson 1982:146; liðfallið er hér táknað með O).

Liðfall af ýmsu tagi er algengt í íslenskum annálum, þ.e. árbókum fyrri alda, þar sem venja var að telja upp helstu staðreyndir og atburði ársins í þurrum „símskeytastíl“, hvort heldur þeir voru af náttúrulegum eða yfirnáttúrlegum toga.

Dæmi: „O Kom ís. O Harðindaár mikið. O Hróflaðist um sauðfé mjög svo. O Sénar fjórar sólir. Enn sást ormurinn í Lagarfljótinu austur. Regn stór O fyrir Jónsmessu um sumarið“ (*Skarðsárannáll*, anno 1612. Björn Jónsson 1922–1927:199; liðfallið er hér táknað með O).

2.4.6 Sagnfelld setning: ákveðin tegund **>liðfalls** þar sem umsögn er felld brott úr setningu (umsagnarlausar málsgreinar eru kallaðar nómínalsetningar). Dæmi: „Engir O á ferli. Húsin O tilsýndar einsog blálýst álfabyggð“ (*Svefnhjólið*. Gyrðir Elíasson 1990:55; liðfallið er hér táknað með O). Sagnfelldar setningar eru algengar í **>impressjónískum stíl**.

2.4.7 Frumlagslaus setning: ákveðin tegund **>liðfalls** þar sem frumlag er fellt brott úr setningu. Dæmi: „O Eldaði mér kássurétt, dembdí í hann því sem hendi var næst, borðaði hratt. Því næst fór ég og sótti vasaljósið. O Tók rafmagnið af húsinu. O Vafraði um herbergin dimm“ (*Svefnhjólið*. Gyrðir Elíasson 1990:55; liðfallið er hér táknað með O).

Oft er þetta samfara frekara liðfalli, t.d. á umsögn eins og er í **>sagnfelldum setningum**. Dæmi: „Hvergi sá hann stjörnu. O Lygndi augum til að skoða í huganum það sem eitt sinn var. Sú veröld O fjarlæg

orðin. O Tilheyrði öðrum tíma“ (*Hvatt að rúnum*. Álfrún Gunnlaugsdóttir 1993:79; liðfallið er hér táknað með O).

Það hefur verið talið eitt af >**alþýðlegum stíleinkennum á miðöldum** (sjá viðauka 9) þegar setningar eru >**hliðskipaðar** (sjá 2.3.1) án þess að frumlag sé endurtekið. Dæmi: „Stjarnan leiddi Austurvegskonunga og fundu O borinn Drottin“ (*Íslensk hómilíubók* 1993:83; liðfallið er hér táknað með O).

2.4.8 Sérstætt lýsingarorð: ákveðin tegund >**liðfalls** þar sem lýsingarorð eða lýsingarhættir standa einir sér án nafnorðsins sem þeir eiga við, en það er þá undirskilið. Þetta getur orðið áberandi stíleinkenni og er notað í íslenskum skáldskap að fornu og nýju. Dæmi: „HALTUR ríður hrossi, / hjörð rekur HANDAR VANUR, / DAUFUR vegur og dugir“ (Hávamál, 71. erindi. *Eddukvæði* 1968:108); „siglir SÆROKINN, / SÓLBITINN slær, / STJÖRNUSKININN stritar“ (Alþing hið nýja, 1. erindi. Jónas Hallgrímsson 1989:112).

Liðfall af þessu tagi setur einnig svip sinn á íslenska málshætti. Dæmi: „Hvað UNGUR nemur, GAMALL temur“; „Illt er að eggja ÓBILGJARNAN“.

2.4.9 Setningarrof (gríska: *anakoluthon*): skortur á setningarfræðilegu samhengi í setningu eða málsgrein. Þetta er ekki óalgengt í talmáli þegar menn sleppa tengilið í hugsanagangi eða nýr þráður er tekinn upp milliliðalaust. Í bókmenntum 19. aldar urðu setningarrof að áberandi >**stílbragði** sem ætlað var að brjóta upp sígildan stíl og yfirvegaða setningaskipun (sbr. >**impressjónískan stíl**) eða þar sem líkt var eftir talmáli. Oft eru setningarrofin táknuð með þankastriki í rituðu máli. Dæmi: „„Eg veit ekki – eg gat ekki að því gert – mér þótti svo vænt um stúlkuna,“ sagði Sveinn hálffeiminn“ (*Tilhugalíf*. Gestur Pálsson 1970:178).

Setningarrof birtast einnig í bókmenntum 19. og 20. aldar sem þáttur í >**hugsuðu tali** eða hugflæði. Dæmi: „og svo voru það þessar stúlkur, þær voru alltaf horfnar fyrr en varði, ein varð gömul, önnur skildi eftir sig randaflugu í álögum, sú þriðja – ég veit ekki nema það sé hún sem er við stýrið hérna uppi og hafi breyst svona mikið“ (*Svefnhjólið*. Gyrðir Elíasson 1990:143–144).

2.4.10 Enjambement (franska: *jambe* = fótur, þ.e. „að stíga yfir“): framhald setningar eða setningarliðar frá einni ljóðlínu til annarrar, þannig að ekkert eðlilegt hlé verði við línulok. Það myndast því ákveðin togstreita

milli bragar sem kallar á hvíld og setningarskipunar sem kallar á tafarlaust framhald.

Dæmi: „Þegar alþjóð einum spáir / óláns, rætist það. Ei tjáir / snilli mikils manns né sómi / móti fólksins hleypidómi“ (Jón hrak. Stephan G. Stephansson 1980:176); „En fram liðu árin. Og foreldrar nú / sig flutt höfðu úr borg út á land, / en eftir varð Ragnheiður. Búhag var breytt / til betra, þau skorti ekki grand“ (*Á ferð og flugi* IV. Sveitarsíðurinn. Stephan G. Stephansson 1980:277); „Og loks undir kvöld mun riddarinn blindi brynna / bleikum fnæsandi jó meðan veröldin hvílir / úrvinda í sinni sorg, og náttlöngum teyg / svolgrar riddarans fákur úr fljóti dauðans / svefnisins svalandi veig“ (Riddarinn blindi. Tómas Guðmundsson 1950:25).

2.5 Stílof

Í stílfræði er rætt um **stílof** þegar ósamræmi kemur upp milli heildarstíls í ritverki og einstakra atriða í orðafari eða >**stílbrögðum**, t.d. ef hversdagslegt eða lággúrulegt orðalag skýtur upp kollinum í verki sem annars er í hátíðlegum eða ljóðrænum stíl. Í klassískri mælsku- og stílfræði, sem setti reglur um hvernig skrifa skyldi, voru stílof yfirleitt fordæmd, og enn eru þau talin til lýta þegar þau verða fyrir klaufaskap eða skort á stílkennd.

Meðal þeirra einkenna sem íslenskir stílfræðingar að fornu og nýju hafa talið stílof og stíllýti eru >**barbarismus** (sjá viðauka 5), sem Ólafur Þórðarson hvítaskáld gerir að umtalsefni í ritgerð sem skrifuð er á 13. öld, og >**lággúra** (sjá viðauka 6) og >**uppskafning** (sjá viðauka 7), sem Þórbergur Þórðarson ræðir um í ritgerð sinni um stílfræði. Þórbergur átti þó sjálfur til að beita stílofi með listrænum hætti í skáldskap sínum. Má þar nefna *Bréf til Láru* (1924) þar sem oft er skipt um stíl og hinu háleita og lággúrulega blandað saman á frumlegan hátt. Einnig má benda á að viðurkennd stílbrögð eins og >**rómantísk íronía** fela í sér ákveðið stílof, en Þórbergur beitti þeirri tegund íroníu óspart í ritum sínum.

3. Stílbrögð

Stílbrögð eru í víðri merkingu hvers konar beiting ritaðs eða mæltis máls sem víkur frá einfaldri og venjubundinni málnotkun til þess að gefa framsetningu ákveðinn >**stílblæ**, leggja áherslu á einstök atriði eða hafa sérstök áhrif á lesendur eða áheyrendur. Í klassískri stílfræði og >**mælskufræði** voru stílbrögð skilgreind þrengra, þ.e. framar öllu formlega, hvort orð voru notuð í eiginlegri eða óeiginlegri merkingu eða vikið var frá venjubundinni orðaröð. Á þessum grundvelli var stílbrögðum skipt í tvo meginflokka: annars vegar notkun einstakra orða í óeiginlegri eða myndrænni merkingu (latína: *tropus*, fleirtala: *tropi*), hins vegar breytingar á orðskipun og setningarfræðilegum atriðum, svo og óeiginleg eða myndræn málnotkun sem tók til heilla setninga (latína: *figura*, fleirtala: *figurae*). Hér er hins vegar gengið út frá nokkuð annarri flokkun stílbragða og er hún á þessa leið: >**endurtekningar**; >**yfirfærð merking og umritun**; >**frávik frá venjulegri merkingu orða**. Um þau stílbrögð sem snerta >**setningaskipun** og >**frávik frá henni** var rætt í 2. kafla.

3.1 Endurtekningar

Mörg stílbrögð grundvallast á **endurtekningu**. Tilgangurinn er oft að gefa orðunum aukinn þunga og láta þau orka sterkar á áheyrendur eða lesendur. Í ýmiss konar >**klifun** er um að ræða endurtekningu ákveðinna orða eða orðasambanda eins og hér verður fjallað um. Endurtekningin getur einnig verið efnisleg eins og er í því stílbragði sem kallast >**breytt endurtekning**. Hér verða einnig skilgreind klassísk stílbrögð eins og >**orðmögnun**, >**orðaklösun**, >**stigmögnun**, >**hliðstæður**, >**andstæður**, >**þverstæða**, >**oxymoron**, >**krossbragð**, >**upptalning** og >**tautologia**, en þau byggja öll með einum eða öðrum hætti á endurtekningu. Það gera einnig svokallaðar >**formúlur**, þ.m.t. >**skrautyrði** sem koma fyrir í bókmenntum ýmissa þjóða og tengjast munnlegri frásagnar- og kvæðahefð.

3.1.1 Klifun: ákveðin tegund >**endurtekningar** þar sem orð eða orðasamband er endurtekið á sama stað í fleiri setningum en einni; alþekkt stílbragð að fornu og nýju, jafnt í bundnu máli sem óbundnu. Klifun flokkast í >**sítekningu**, >**forklifun**, >**bakklifun** og >**rammaklifun**. Auk þess eru >**stef** eins konar klifun.

3.1.2 Sítekning (gríska: *epizeuxis*): ákveðin gerð >**klifunar** þar sem eitt orð eða fleiri er endurtekið hvað eftir annað. Sítekning er því ein gerð >**endurtekningar**.

Dæmi: „SANNLEGA, SANNLEGA segi ég yður“ (Jóhannes 1.51. *Nýja testamentið. Biblían* 1981:112 og víðar); „RÍÐUM, RÍÐUM, rekum yfir sandinn“ (Á Sprengisandi, 3. erindi. Grímur Thomsen 1969:76); „SOFÐU, SOFÐU“ (Vögguvísa, 1. erindi. Steinn Steinarr 1964:49); „OG RÓSIR OG RÓSIR OG RÓSIR“ (Til Jökuls. Nína Björk Árnadóttir 1982:12).

3.1.3 Forklifun (gríska: *anafora*): ákveðin gerð >**klifunar** þar sem tvær eða fleiri setningar hefjast á sömu orðum. Forklifun er því ein gerð >**endurtekningar**.

Dæmi: „SON GUÐS ertu með sanni, / SONUR GUÐS, Jesú minn. / SON GUÐS, syndugum manni / SONARarf skenktir þinn, / SON GUÐS, einn eingetinn“ (25. Passíusálmur, 14. vers. Hallgrímur Pétursson 1996:123); „ÞÉR HAFIÐ LÆRT mikið þessa stuttu stund. ÞÉR HAFIÐ LÆRT þrjú orð í ensku, ef þér eruð ekki búinn að gleyma þeim aftur. ÞÉR HAFIÐ LÆRT um Ibsen. Og ÞÉR HAFIÐ LÆRT um hættuna, sem ykkur stendur af nýja tímanum“ (*Anderson*. Einar H. Kvaran 1924:283); „HÚN VAR falleg HÚN VAR góð / HÚN VAR betri en þær“ (Orfeus og Evridís, 6. erindi. Megas 1991:140).

3.1.4 Bakklifun (gríska: *epifora*): ákveðin gerð >**klifunar** sem birtist með tvenns konar hætti:

a) >**endurtekning** orða í lok tveggja eða fleiri setninga. Dæmi: „Þegar ég var BARN, talaði ég EINS OG BARN, hugsaði EINS OG BARN og ályktaði EINS OG BARN“ (I. Korintubréf 13.11. *Nýja testamentið. Biblían* 1981:209); „ríkt GÓL ODDRÚN, / rammt GÓL ODDRÚN“ (Oddrúnargrátur, 7. erindi. *Eddukvæði* 1968:414).

b) einnig er það kallað bakklifun þegar síðasta ljóðlína erindis eða kvæðis er endurtekin, gjarnan með tilbrigðum í orðalagi. Dæmi: „Á nöktum greinum / sitja þrestirnir hljóðir / með REYNIBER Í NEFI / RAUÐ REYNIBER Í NEFI“ (Haust. Snorri Hjartarson 1981:151); „tár hans runnu / inn í hendur mínar / HEIT EINS OG BLÓÐ / HEIT EINS OG / ÁSTSVIKIÐ BLÓÐ“ (*Svartur hestur í myrkrinu*. Nína Björk Árnadóttir 1982:26); „Hann talar, horfir / MEÐ HRAFNAFLUG Í ÆÐUM: / MEÐ ÞRIGGJA SKIPSHRAFNA SPÁFLUG Í ÖLDNUM ÆÐUM“ (36 ljóð, 11. ljóð. Hannes Pétursson 1983:21).

3.1.5 Rammaklifun (gríska: *symploke*): sú tegund >**klifunar** í skáldskap þar sem >**endurtekning** myndar ramma eða umgerð utan um nokkrar setningar, erindi eða kvæði. Upphafsorð eða línur eru þá endurteknar í lokin. Dæmi: „MÁNINN LÍÐUR. / Dauðinn ríður. / Skuggar gráir hljótt yfir hjarnið sveima. / Gaman er um gæfu horfna að dreyma. / MÁNINN LÍÐUR“ (Máninn líður –. Jóhann Jónsson 1986:53; fyrstu tvær línurnar eru að auki >**vísun** í íslensku þjóðsöguna um djáknann á Myrká).

Rammaklifun getur líka markað upphaf og niðurlag heils kvæðis og er þá ekki síður byggingarþáttur en einfalt >**stílbragð**. Dæmi: „Lestin brunar“ heitir kvæði eftir Jón Helgason sem er 9 erindi að lengd og eru upphafs- og lokalínurnar hinar sömu: „Lestin brunar, hraðar, hraðar, / húmið ljósrák sker“ (Lestin brunar, 1. og 9. erindi. Jón Helgason 1971:10,12).

3.1.6 Stef er eins konar >**klifun** eða byggingarþáttur í skáldskap sem felst í ákveðinni >**endurtekningu**:

a) vísuhluti, 2–4 ljóðlínur, oftast síðast í erindi, er endurtekinn með reglulegu millibili í fornum drápum (stefjuðum kvæðum). Venjulega er stef sjálfstæð málsgrein, oftast lof um þann sem drápan er ort um eða þiggjanda kvæðisins. Dæmi: Í síðari hluta helgikvæðisins Lilju er Guð ávarpaður í stafi sem endurtekið er með reglulegu millibili: „Ævinlega með luktum lófum / lof ræðandi á kné sín bæði / skepnan öll er skyld að falla, / skapari minn, fyrir ásjón þinni“ (bróðir Eysteinn: Lilja, 51., 57., 63., 69. og 75. erindi. Finnur Jónsson 1912–1915: AII, 380 og áfram).

b) á síðari tímum er hugtakið stef stundum notað um viðlag (t.d. í vikivakakvæðum) og í víðari merkingu um einstakar vísur eða ljóðagerð yfirleitt. Dæmi: Hverju erindi í kvæðinu „Nóttin var sú ágæt ein“ lýkur á stefinu: „Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri“ (Einar Sigurðsson í Heydölum: Vöggukvæði. Kvæði af stallinum Kristí. *Vísnaðabók* 1612:105 o.áfr.).

3.1.7 Breytt endurtekning er hugtak sem notað er í íslenskri stílfræði (Óskar Halldórsson 1977:124–126) um það þegar sama merking er endurtekin með breyttu orðalagi. Hér er því um efnislega >**endurtekningu** að ræða en ekki formlega eins og þá sem setur mark sitt á >**klifun**.

Dæmi: „Á gengust EIDAR, / ORÐ og SÆRI, / MÁL ÖLL MEGINLEG, / er á meðal fóru“ (Völuspá, 26. erindi. *Eddukvæði* 1968:80; auðkenndu orðin vísa öll til hins sama, svarinna eiða sem hafa verið rofnir); „Hver er allt of uppgefinn / eina nótt að KVEÐA og vaka, / LÁTA ÓMA EINLEIKINN / auðveldasta STRENGINN sinn, / leggja frá sér

lúðurinn, / LANGSPILIÐ af hillu taka?“ (Hver er allt of uppgefinn, 1. erindi. Stephan G. Stephansson 1980:394); „Hann er BEYGÐUR og BARINN / og BROTTINN og MARINN“ (Gamli sorri Gráni. Megas 1991:55).

Oft verður breytt endurtekning ekki aðgreind frá ýmsum stílbrögðum klassískrar mælskufræði, t.d. >**orðmögnun** (*amplificatio*) og >**hliðstæðum** (*parallelismus*).

3.1.8 Orðmögnun (latína: *amplificatio*): klassískt >**stílbragð** þar sem sama atriði er ítrekað í >**endurtekningu** með náskyldu orðalagi, oft í mun lengra máli. Í fornklassískri mælskufræði var orðmögnun eða *amplificatio* hugsað sem ákveðið >**stílbragð** er stuðlaði að því að efla áhrifamátt ræðunnar, en þetta breyttist á miðöldum þegar það komst í tísku að draga frásögn á langinn með ýmsum hætti. Varð orðmögnun þá að eins konar yfirhugtaki og náði yfir ýmis önnur stílbrögð sem notuð voru til þess að lengja málið, t.d. >**ávarp**, >**útúrdúr** og >**ýkjur** (Clover 1982:49–53; Vickers 1988:242–243). Orðmögnun er áberandi einkenni á mörgum miðaldaritum og birtist t.a.m. í þýddum riddarasögum á Norðurlöndum, svokölluðum >**hefðarstíl**, þar sem þýðendurnir hnykktu á hlutum sem voru framandi norrænum mönnum eða dvöldu við mikilvæg atriði frásagnarinnar.

Dæmi: „Þá íhugaði drottning ef hún ANGRAÐIST eða REIDDIST nokkuð við þetta að þá mundi henni vera virt til SKEMMDAR og til SVÍVIRÐINGAR er hún hafði mistekið fram hjá þvílíkum höfðingja og því sneri hún þessu öllu til GAMANS og SKEMMTANAR, HLÁTURS og LEIKS og HLÆGILEGRA ORÐA“ (*Möttuls saga* 1987:33).

Oft verður orðmögnun eða *amplificatio* ekki aðgreint frá því sem kallað er >**breytt endurtekning** í íslenskri stílfræði. Erlendir stílfræðingar eru sumir hverjir á því að best sé að sniðganga með öllu hugtakið *amplificatio* vegna þess hve erfitt er að skilgreina það svo vel sé (Preminger og Brogan 1993:66–67).

3.1.9 Orðaklösun (latína: *accumulatio*): klassískt >**stílbragð** þar sem orðum er „hrúgað saman“, hvort heldur merkingarskyldum eða óskyldum, til aukinnar áherslu. Orðaklösun er því ein gerð >**endurtekningar**. Oft eru slíkir orðaklasar notaðir til skrauts, en þeir geta líka orðið að föstum >**formúlum** og koma m.a. fyrir í lagamáli og >**kansellístíl** fyrri alda. Dæmi: Í Alþingisbókum frá 18. öld koma eftirtaldir orðaklasar víða fyrir: „DÆMIST og ÁLYKTAST“; „FORSÓMUN og RÆKTARLEYSI“;

„JÁTAR og MEÐKENNIR“; „LAUS, LIÐUG og ÓNEYDD“. Sjá >tautologiu.

3.1.10 Stigmögnun (gríska: *klimax*, latína: *gradatio*): klassískt >stílbragð sem byggir á >endurtekningu þannig að orðum eða setningum er raðað saman eftir vaxandi merkingarþunga eða áherslu. Dæmi: „Ég kom, ég sá, ég sigraði“ (Júlíus Sesar). Stigmögnun getur orðið annað og meira en einfalt stílbragð, jafnvel mikilvægur þáttur í byggingu frásagnar. Í ævintýrum tengist hún t.d. þrítekningu skyldra atriða (sbr. >þrítölu, sjá 5.1.7).

3.1.11 Hliðstæður (latína: *parallelismus*): orðskipun þar sem samsvarandi setningar eða setningarliðir eru endurteknir með sömu orðaröð og (að mestu) sama orðafjölda (öfugt við >krossbragð); oft samfara >klifun. Síðari liður (eða liðir) halda sömu hugsun áfram, dýpka hana eða skýra með nýju orðalagi; síðari liður í >andstæðum er aftur á móti í mótsögn við hinn fyrri, enda þótt hann geti verið hliðstæður að formi. Í klassískri mælskufraði eru hliðstæður talðar til >stílbragða og eru algengar í retorískum og hátíðlegum stíl allt frá fornu fari og fram eftir öldum. Hliðstæður eru sérstakt einkenni á ýmsum austurlenskum skáldskap, t.d. á ljóðum Gamla testamentisins.

Dæmi: „Ég mundi leiða þig, fara með þig í hús móður minnar, í herbergi hennar er mig ól“ (Ljóðaljóðin 8.2. *Gamla testamentið. Biblían* 1981:693); „Þeir sem vanir hafa verið að eta krásir, örmagnast nú á strætunum, þeir sem bornir voru á purpura, faðma nú mykjuhauga“ (Harmljóðin 4.5. *Gamla testamentið. Biblían* 1981:837).

Áhrifa biblíustíls og klassískra fyrirmynda í notkun hliðstæðna gætir víða í miðaldabókmenntum og síðar, m.a. í >lærdómsstíl og >skrúðstíl norrænna fornrita.

3.1.12 Andstæður (*antithesis*): klassískt >stílbragð þar sem sett eru saman andstæð hugtök, bæði einstök orð, setningarliðir og heilar setningar. Andstæður eru oft notaðar til þess að tákna heildarhugtak sem nær yfir bæði skautin. Dæmi: gott og illt; nótt og dagur; lifendur og dauðir. Andstæður eru algengar í >biblíustíl. Dæmi: „Sú þjóð, sem í MYRKRI sat, sá mikið LJÓS“ (Matteus 4.16. *Nýja testamentið. Biblían* 1981:4).

3.1.13 Þverstæða (gríska: *paradox*): klassískt >stílbragð sem sprettur í raun af beitingu >andstæðna. Andstæðum er teflt saman svo úr verður þversögn, að minnsta kosti í röklegum skilningi. Þverstæða getur einnig

verið fólgin í óvæntu gildismati. Dæmi: „Minn HLÁTUR er SORG; Það SMÁA er STÓRT í harmanna heim“ (Einræður Starkaðar, 1. og 11. erindi. Einar Benediktsson 1964:422,425); „Og ég sem drykklangt drúpi höfði yfir / dauðans ró, / hvort er ég heldur HANN, SEM EFTIR LIFIR, / eða HINN, SEM DÓ?“ (Í kirkjugarði, 3. erindi. Steinn Steinarr 1964:156).

3.1.14 Oxymoron (gríska: *oxys*, „skarpur“, *moros*, „heimskur“): >**stílbragð** í klassískri mælskufræði og oft notað síðan. Haft um samsetningu tveggja hugtaka sem virðast >**andstæð** og ósamrýmanleg, en tákna þó eitt hugtak. Getur verið bæði samsett orð og nafnorð að viðbættu lýsingarorði. Dæmi: grátfeinn, ljúfsár; talandi þögn, danskur Íslendingur. Oxymoron er í sjálfu sér eins konar >**þverstæða** í samþjöppuðu formi.

3.1.15 Krossbragð (gríska: *khiasmos*, latína: *chiasmus*, eftir gríska bókstanum khi, þ.e. X): klassískt >**stílbragð** þar sem samsvarandi setningarliðir eru endurteknir í öfugri röð ($a + b : b + a$), einkum til þess að leggja áherslu á >**andstæður** en getur einnig nálgast það að vera >**þverstæða** eða >**orðaleikur**.

Dæmi: „„LÍKIÐ er í SKUGGA KONUNGS, og KONUNGUR er SKUGGI LÍKSINS““ (Hamlet Danaprins, 4. þáttur, 2. svið. Shakespeare 1970:95, þýðing Helga Hálfðanarsonar); „Fyrir þér er einn DAGUR sem ÞÚSUND ÁR, / og ÞÚSUND ÁR DAGUR, ei meir“ (Lofsöngur, 1. erindi. Matthías Jochumsson 1980:99); „Svo úr því til bæjarins aftur hún fór, / þar ei var svo fjörlost og þurrt, / á SVEITINNI HÁLFLEIÐ – og HÁLFLEIÐ var SVEIT / á henni, er hún fór þaðan burt“ (*Á ferð og flugi* IV. Sveitarsíðurinn. Stephan G. Stephansson 1980:278).

3.1.16 Upptalning (latína: *enumeratio*): klassískt >**stílbragð** sem felst í því að greina fyrirbæri í einstaka hluta sem því tengjast. Dæmi: „ÖLLU er afmörkuð stund, og SÉRHVER HLUTUR undir himninum hefir sinn tíma. AÐ FÆÐAST hefir sinn tíma og AÐ DEYJA hefir sinn tíma, AÐ GRÓÐURSETJA hefir sinn tíma og AÐ RÍFA ÞAÐ UPP, SEM GRÓÐURSETT HEFIR VERIÐ, hefir sinn tíma, AÐ DEYÐA hefir sinn tíma og AÐ LÆKNA hefir sinn tíma, AÐ RÍFA NIÐUR hefir sinn tíma og AÐ BYGGJA UPP hefir sinn tíma“ (Prédikarinn 3.1–3. *Gamla testamentið. Biblían* 1981:683–684).

3.1.17 Tautologia (gríska: *tautologos*, „endurtekning“, „upptugga“): ein tegund >**endurtekningar** þar sem sama hugtak eða sama hugsun er endurtekin með samheiti eða öðru orðalagi; algengt í mæltu máli og tekur

þá gjarnan á sig mynd >**orðaklösunar** („OFT og IÐULEGA“, „ÞEGJANDI og HLJÓÐALAUST“). Þegar tugga bætir engu blæbrigði við og er hrein upptugga er hún vanalega talin stíllýti. Dæmi: „Svikinn teljumst eg og hefir þú svikið mig, svikarinn“ (Bandamanna saga 1956:64, 10. kafli, Konungsbókargærð).

3.1.18 Formúlur: formúla er endurtekið orðasamband í skáldskap sem gjarnan er tengt munnlegri frásagnarhefð. Svokölluð >**skrautyrði** í Hómerskviðum eru þekkt dæmi um slíkar formúlur, en þær koma líka fyrir í norrænum skáldskap. Í því sambandi er stundum rætt um tvær ólíkar gerðir:

a) **sagnaformúla** er upphafs- eða tímaformúla sem gegnir því hlutverki að marka upphaf og lok frásagnar eða skil í hana þegar frásagnarlota er rofin. Dæmi: „Ár var (alda)“ (ýmis eddukvæði); „Einu sinni var“; „Leið svo allur veturinn“; „(Þau) áttu börn og buru, grófu rætur og muru“ (sagnaformúlur sem koma víða fyrir í íslenskum þjóðsögum og ævintýrum).

b) **epísk formúla** kemur fram þegar sagt er frá algengum aðstæðum eða fyrirbærum með sömu eða svipuðum orðum eða orðasamböndum. Dæmi: Í íslenskum þjóðsögum og ævintýrum er galdramaður gjarnan sagður „forn og illur í skapi“ og ferðalangur fær iðulega „nesti og nýja skó“. Sjá fleiri dæmi í >**ævintýrinu um Búkollu** (viðauki 10).

3.1.19 Skrautyrði (latína: *epitheton ornans*): föst >**einkunn** (sjá 2.2.3), oftast lýsingarorð, sem notuð er hvað eftir annað um sömu persónu eða fyrirbæri, hvort sem hún hefur nokkra raunverulega merkingu í samhenginu eða ekki. Skrautyrði eru algeng í fornum epískum skáldskap og eru í raun epískar >**formúlur**. Dæmi: „Hin ÁRRISULA, RÓSFINGRAÐA morgungyðja“ (sólin); „hinn FÓTFRÁI Akkiles“ (Hómerskviður); „Þrymur ÞURSA DROTTINN“ (eddukvæðið Þrymskviða).

3.2 Yfirfærð merking og umritun

Í latneskri mælskufræði er ákveðinn flokkur >**stílbragða** kallaður *tropi* (eintala: *tropus*), en þau eru skilgreind sem umskipti orða. Í stað orðs sem stendur í eðlilegu setningar- og merkingarsamhengi er sett annað óskýlt sem fær þá yfirfærða merkingu í hinu nýja samhengi. Grundvöllur þessarar umritunar er gjarnan svokallað **myndmál**: orðræða sem höfðar oftast til sjónar en einnig til lyktar-, heyrnar-, snerti- og bragðskyns. Myndmál er

algengast í skáldskap og þá einkum ljóðlist, en setur mark sitt á alla mannlega tjáningu, t.d. daglegt tal, en þó síst fræðileg skrif.

Þau myndmálseinkenni sem hér verða skilgreind eru **>bein ljóðmynd**, **>líking**, **>myndhverfing**, **>persónugerving**, **>hlutgerving**, **>nafnskipti**, **>hluti í stað heildar**, **>allegoría** og **>tákn**, en náskyld allegoríu og tákni er svokölluð **>vísun**. Myndmál og aðrar umritanir hafa löngum sett svip sinn á íslenskt skáldamál. Í því samhengi verður fjallað um **>kenningar**, **>heiti**, **>nýgervingar**, **>nykrað** og **>blómað mál**. Til fornklassískra umritana teljast stílbrögð eins og **>skrauthvörf** og **>dæmisaga** sem hér verða skilgreind.

3.2.1 Bein ljóðmynd: myndræn lýsing sem felur ekki í sér neina **>líkingu**. Bein ljóðmynd er einfaldasta gerð **>myndmáls** (sjá 3.2). Dæmi: „Hjón með tvö börn og fósturdreng standa á bryggju og bíða eftir strandferðaskipinu. Börnin hnipra sig í skjól bak við nokkra kistla, sængurpoka og rúmstæði, horfa á bláa fötu með hafragraut í nesti og tvær þriggjaþelaflöskur af mjólk“ (Fátækt fólk. Jón úr Vör 1979:23).

3.2.2 Líking, viðlíking, samlíking (latína: *simile*): ákveðin tegund **>myndmáls** (sjá 3.2) þar sem einu fyrirbæri er líkt við annað með samanburðarorði eða -orðum („eins og“, „líkt og“, „sem“, „áþekkt“ o.s.frv.). Liðirnir eru því þrír: **kenniliður**, þ.e. sú merking sem myndin vísar til, **tengiliður**, þ.e. samanburðarorð, og **myndliður**, þ.e. sá þáttur sem ákvarðar myndina og varpar um leið nýju ljósi á kenniliðinn. Fyrirbærið fær með þessu eiginleika sem það hefur annars ekki til að bera.

Dæmi: „sólin var hjá mér, / eins og grannvaxin kona, / á gulum skóm“ (*Tíminn og vatnið* 2. Steinn Steinarr 1964:165; „sólin“ er hér kenniliður, „eins og“ tengiliður og „grannvaxin kona“ myndliður).

Sjá **>óeiginlegar líkingar** (5.1.2) og **>framskipun í líkingum** (viðauki 3).

3.2.3 Myndhverfing (gríska: *metaphora*): ákveðin tegund **>myndmáls** (sjá 3.2) þar sem tvö fyrirbæri eru færð saman án samanburðarorðs. Hér er um að ræða beinni og fyrirvaralausari tengingu fyrirbæranna heldur en er í **>líkingu**; þau renna saman og fá eiginleika sem þau höfðu ekki áður til að bera. Liðirnir eru ýmist tveir, þ.e. **>kenniliður** (sjá 3.2.2) og **>myndliður** (sjá 3.2.2), eða einn, þ.e. myndliður.

Dæmi: „Og sólin gekk / yfir grunlaust blómið / á gulum skóm“ (*Tíminn og vatnið* 2. Steinn Steinarr 1964:166; „sólin“ er hér kenniliður en „gekk yfir grunlaust blómið á gulum skóm“ myndliður); „Að safna í

sarpinn“ (algengt orðtak sem er í raun myndhverfing án kenniliðar, þ.e. myndliður sem felur í sér að manni eru eignaðir eiginleikar fugla).

Myndhverfingar eru bæði flokkaðar eftir **>mál-** og **setningafræðilegum einkennum** (sjá viðauka 8). Sjá einnig **>fræðikenningar Romans Jakobson** (viðauki 1).

3.2.4 Persónugervíng (gríska: *prosopopoeia*, enska: *personification*): ákveðin tegund **>myndmáls** (sjá 3.2) þar sem dauðir hlutir, náttúruleg fyrirbæri eða óhlutbundin hugtök fá eiginleika manna. Dæmi: „vindur HVÍSLAR ömurlegum óm / illri FREGN að kvíðnum skógargreinum, / greinar SEGJA fugli, og fuglinn þagnar“ (Haustvísa. Grímur Thomsen 1969:80); „Sorg mín er BLÁKLÆDD STÚLKA“ (Ljóð. Vilborg Dagbjartsdóttir 1981:121).

Í þessum dæmum er persónugervíngin um leið **>myndhverfing**, en hún getur einnig verið **>líking** þar sem samanburðarorð eru notuð. Dæmi: „Dauðinn má svo með sanni / SAMLÍKJAST, þykir mér, / slyngum þeim sláttumanni / er slær allt hvað fyrir er“ (Um dauðans óvissan tíma, 3. erindi. Hallgrímur Pétursson 1996:202). **>Hlutgervíng** að ýmsu leyti andstæða persónugervíngar.

3.2.5 Hlutgervíng (enska: *reification*): ákveðin tegund **>myndmáls** (sjá 3.2) þar sem lifandi verur fá eiginleika dauðra hluta eða hið óhlutbundna verður hlutbundið. Dæmi: „Mér fannst ÞÚ oft / eins og dimmt, kalt HÚS / þar sem ÁST mín var blátt TUNGLSKIN / á héluðum rúðum / og ATLOT mín / numin eins og ÞYTUR VINDA / um fannbarða hurð“ (Ung stúlka. Hannes Pétursson 1977:36). **>Persónugervíng** að ýmsu leyti andstæða hlutgervíngar.

3.2.6 Nafnskipti (gríska: *metonymia*): **>stílbragð** þar sem í stað venjubundins orðs er sett annað sem táknar skylt hugtak, þannig að merking orðsins verður óeiginleg. Tengsl orðanna geta verið með ýmsum hætti, t.d. höfundur í stað verks („að þýða Ibsen“), goð í stað áhrifasvæðis þess („Ægir“ = hafið), orsök í stað afleiðingar („verk“ = bók) eða umbúðir/ílát í stað innihalds („drekka einn bolla“). Nafnskipti geta tengst **>skrauthvörfum** þar sem reynt er að orða óbeint það sem kann að hneyksla. Dæmi: „fá sér í staupinu“ fyrir að drekka vín, „hvílubrögð“ fyrir samfarir. Sjá **>fræðikenningar Romans Jakobson** (viðauki 1).

3.2.7 Hluti í stað heildar (latína: *pars pro toto*): algengt **>stílbragð** sem lýsir sér í því að ákveðinn hluti fyrirbæris, hlutar eða veru er nefndur í stað

heildarinnar, venjulega sá hluti sem einkennir hana skýrast. Mjög algengt í fornu íslensku skáldamáli og náskyld öðru stílbragði, >**nafnskiptum**. Dæmi: „stafn“, „segl“ eða „kjölur“ = skipið allt; „rönd“ = skjöldur; „oddur“ = spjót.

Einnig kveður nokkuð að þessu stílbragði í skáldskap síðari alda, t.d. kvæðum Einars Benediktssonar. Dæmi: „Synduga HÖND, – þú varst sigrandi sterk, / en sóaðir kröftum á smáu tökin; – / að skiljast við ævinnar æðsta verk / í annars HÖND, það er dauðasökin“ (Einræður Starkaðar, 9. erindi. Einar Benediktsson 1964:424).

3.2.8 Allegoría, tákn saga (gríska: *allegorein*, þ.e. „tal á annan hátt“): myndrænt og táknrænt tjáningarform eða umritun þar sem lýsing eða frásögn táknar eitthvað annað en það sem sett er fram beint og bókstaflega. Merkingarsvið allegoríu eru því tvö og einstök atriði þeirra samsvara sér eins og í spegilmynd. Oft eru notuð >**persónugerð hugtök** (sjá 3.2.4) (t.d. dyggð, ást, elli) sem verða þátttakendur í atburðarás frásagnarinnar. Yfirleitt er lykill merkingarinnar gefinn þegar í upphafi allegoríu. Hún getur orðið að eins konar útvíkkaðri >**líkingu** eða >**myndhverfingu** og líkist þá því sem Snorri Sturluson kallar >**nýgervingar**.

Dæmi: Dæmisögur Krists í Nýja testamentinu eru margar allegorískar: „„Líkt er um himnaríki og mann, er sáði góðu sæði í akur sinn. En er menn voru í svefni, kom óvinur hans, sáði illgresi meðal hveitisins og fór síðan. Þegar sæðið spratt upp og tók að bera ávöxt, kom illgresið og í ljós. Þá komu þjónar húsbóndans til hans og sögðu við hann: „Herra, sáðir þú ekki góðu sæði í akur þinn? Hvaðan kemur illgresið?“ Hann svaraði þeim: „Þetta hefur einhver óvinur gjört.“ Þjónarnir sögðu við hann: „Viltu, að vér förum og tínum það?“ Hann sagði: „Nei, með því að tína illgresið, gætuð þér slitið upp hveitið um leið. Látið hvort tveggja vaxa saman fram að kornskurði. Þegar komin er kornskurðartíð, mun ég segja við kornskurðarmenn: Safnið fyrst illgresinu og bindið í bundin til að brenna því, en hirðið hveitið í hlöðu mína““ (Matteus 13.24–30. *Nýja testamentið. Biblían* 1981:18).

Kristur leggur dæmisöguna síðan út á allegorískan hátt: „„Sá er sáir góða sæðinu, er Mannssonurinn, akurinn er heimurinn, góða sæðið merkir börn ríkisins, en illgresið börn hins vonða. Óvinurinn, sem sáði því, er djöfullinn. Kornskurðurinn er endir veraldar og kornskurðarmennirnir englar. Eins og illgresinu er safnað og brennt í eldi, þannig verður við endi veraldar. Mannssonurinn mun senda engla sína, og þeir munu safna úr ríki hans öllum, sem hneykslunum valda og ranglæti fremja, og kasta þeim í eldsofninn““ (Matteus 13.37–42. *Nýja testamentið. Biblían* 1981:18).

3.2.9 Tákn (gríska: *symbol*): mynd í skáldskap sem stendur fyrir sjálfa sig en líka eitthvað annað. Með endurtekningu eða öðrum listbrögðum er athygli lesandans beint að þessari mynd í textanum, þannig að hún öðlast aukamerkingu og verður jafnvel byggingarþáttur í verkinu. Tákn eru gjarnan flokkuð í þrennt:

1) **Hefðbundin tákn**: tákn sem hafa ákveðna merkingu í ákveðnu menningarsamhengi eða hefð. Dæmi: „kross“ = þjáning og trú; „lambið“ = Kristur í kirkjulegri, vestrænni hefð.

2) **Náttúruleg tákn**: tákn sem ekki eru bundin ákveðinni hefð eða menningu, en eru til víða í heiminum. T.d. er „hjarta“ tákn tilfinninga, óháð hefð eða menningu, og „haf“ er tákn óendanleikans eða eilífðarinnar í ólíkum heimshornum.

3) **Einstaklingsbundin/skáldleg tákn**: mynd eða orðasamband sem öðlast sérstaka merkingu og víðari skírskotun í tilteknu verki. Ólíkt >**allegoríu** gefur skáldlegt tákn merkingu sína í skyn fremur en að um beina samsvörun eða speglun sé að ræða. Tákn af þessu tagi urðu áberandi í rómantískum skáldskap 19. aldar og einnig í því táknsæi sem einkenndi nýrómantík í upphafi 20. aldar. Dæmi: Bikarinn í kvæði Jóhanns Sigurjónssonar er í upphafi vínglas sem dreypt er á um kvöld en fær táknræna merkingu þegar ljóðmælandinn hugsar til þess að annar og beiskari bikar bíður hans: „Bak við mig bíður dauðinn, / ber hann í hendi styrkri / hyldjúpan næturhimin / helltan fullan af myrkri“ (Bikarinn, 3. erindi. *Fjögur ljóðskáld* 1957:59).

3.2.10 Vísun (enska: *allusion*): þegar skírskotað er til atburða, persóna eða aðstæðna úr samtíð höfundar eða úr sögu og bókmenntum, sem ætlast er til að lesandi þekki. Áhrifin eru háð því að lesendur skilji hvað við er átt og taki þannig þátt í myndsköpun höfundar. Á 20. öld urðu vísanir áberandi í ljóðagerð margra móðernista, m.a. fyrir forgöngu T.S. Eliots í ljóðabálknum *Eyðilandið* (*The Waste Land*, 1922). Oft getur vísun orðið nátengd >**allegoríu** og >**tákni** og stuðlað að merkingarútvíkkun eða merkingarauka.

Dæmi: Vísað er í ævilok söguhetjunnar í Grettissögu í þessu nútímaljóði: „Úti stendur meitlaður steinhaus / næturvaktina, rennvotur í úrfellinu. / Þegar ég var að höggva hann til / bergmálaði allt þorpið og ég / fékk meitilinn í löppina og veit / alveg hvernig Gretti leið“ (Einn í sumarhúsi. Gyrðir Elíasson 1989:53).

3.2.11 Kenning: ákveðin tegund >**umritunar** (sjá 3.2) á venjulegum orðum lausamáls og eitt helsta einkenni skáldamáls í dróttkvæðum miðalda og rímum. Í einföldustu mynd er kenning tvíliðuð, þ.e. tvö nafnorð, stofnorð og kenniorð (í eignarfalli eða sem fastur samsetningarliður). Dæmi: „Jarðar bur“ (Þór), „stafnkvígur“ (skip), „gulls viður“ (maður). Merking stofnorðsins er því nánar ákveðin, „kennd“, með kenniorðinu. Báða liði kenningar mátti kljúfa í nýja kenningu (t.d. „elfar báls viður“ = maður); það er kallað „tvíkennt“ í Snorra-Eddu, en „rekið“ ef fleiri liðir eru en þrír (t.d. „leiftra ægis grundar viður“ = maður).

Kenningum má skipta í tvo flokka:

a) beinar umritanir, þar sem stofnorðið heldur merkingu sinni, svo sem kenningar á sérnöfnum („bróðir Vílis“, „faðir Magna“) og kenningar þar sem stofnorðið er gerandanafn („gullbroti“, „bauga brjótur“ = (örlátur) maður).

b) >**myndhverfar** (sjá 3.2) kenningar eða eins konar gátur, þar sem merking stofnorðsins er þrengd eða breytt með öllu, þannig að heildarmerkingin verður önnur en stofnorðið eitt bendir til. Dæmi: „hjörlogur“ (blóð), „hreinbraut“ (land), „lyngfiskur“ (ormur). Sjá >**nýgervingu** og >**nykrað**. Frekari heimild: Clunies Ross 1987.

3.2.12 Heiti: einstök orð sem notuð eru í íslenskum skáldskap í stað venjubundinna orða lausamáls, bæði sérstök og sem liður í >**kenningum**. Heiti eru a) samheiti úr mæltu máli, sem hafa þó oft annað stílgildi en venjulegustu orðin, svo og algeng orð sem notuð eru í annarri merkingu í skáldskap. Dæmi: brúður, mær, brandur, fold. b) gömul eða sjaldgæf orð, sem eingöngu eða nær eingöngu eru notuð í skáldskap. Dæmi: gumi, seggur, jöfur, jór.

Svipuð fyrirbæri eru alkunn úr skáldskap flestra þjóða, allt frá Hómerskviðum; sumar tegundir þeirra voru taldar til >**stílbragða** í klassískri mælskufræði, t.d. >**nafnskipti**. Frekari heimild: Halldór Halldórsson 1975.

3.2.13 Nýgerving: Snorri Sturluson kallar það nýgervingar í Háttatali Snorra-Eddu þegar fleiri en ein >**kenning** er þáttur í sömu mynd, sem helst jafnvel í heilli vísu (andstæða þess er >**nykrað** myndmál). Samt virðast nýgervingar ekki hafa verið upphaflegur kenningastíll og notkun þeirra varð aldrei nein regla. Að mörgu leyti á hugtakið betur við um ýmis ljóð frá síðari tímum þar sem sama líking er lögð til grundvallar >**myndmáli** (sjá 3.2) erindis eða ljóðs í heild, hvort sem þar er formlega séð um >**líkingu** eða >**myndhverfingu** að ræða.

Dæmi: Í einu af kvæðum sínum líkir Grímur Thomsen lífinu við siglingu og í samræmi við það yrkir hann um kirkjugarðinn sem höfn eða lendingarstað þar sem menn geta dregið upp „báta“ sína: „Hvert helzt sem lífsins bára ber, / er bátum hingað rennt, / í sínum stafni situr hver, / og sjá! þeir hafa lent“ (Kirkjugarðsvísur, 1. erindi. Grímur Thomsen 1969:87). Sama líking er lögð til grundvallar í síðari erindum kvæðisins, t.d. þar sem ort er um þá sem enn eru á veiðum á hafi úti (þ.e. eru enn á lífi) en þurfa fyrir eða síðar að koma að landi (þ.e. að deyja): „Þó liggja margir úti enn / með öngul, net og vað; / en, – þó að það séu þolnir menn, / þeir koma bráðum að“ (Kirkjugarðsvísur, 4. erindi. Grímur Thomsen 1969:88).

Þetta dæmi sýnir að munurinn er ekki alltaf mikill á nýgervingu og >**allegoríu**.

3.2.14 Nykrað: Snorri Sturluson kallar það nykrað í Háttatali Snorra-Eddu þegar brestur verður á líkingu í ljóði, andstætt >**nýgervingu** þar sem myndmálið er samstætt. Greinilegt er að Snorra þykir það verra þegar skáldin halda ekki líkingunni til streitu. Hins vegar má benda á að til er viðurkennd myndmálshefð í Gamla testamentinu þar sem mikið er lagt upp úr því að tefla saman ósamstæðum myndum sem tengjast sama kennilið, sbr. stílbragðið >**hliðstæður**. Svipaða myndmálsnotkun má greina í ýmsum dægurlagatextum nútímans, sem Snorra hefði líklega þótt nykraður kveðskapur.

Dæmi: „Ástin er eins og sinueldur, / ástin er segulstál, / af litlum neista verður oft mikið bál“ (íslenskur dægurlagatexti; brestur verður á eldslíkingunni þegar ástinni er síðan líkt við segulstál). Frekari heimild: Davíð Erlingsson 1998.

3.2.15 Blómað mál: ákveðin tegund málskrúðs í rímum sem lýsir sér í eignarfallsumritunum, einkum óhlutbundinna hugtaka, þar sem hugtaksheitið stendur í eignarfalli sem stýrist af öðru nafnorði. Slíkar eignarfallssamsetningar geta falið í sér >**myndmál** (sjá 3.2), en oft missir stýriorðið mestalla merkingu sína, svo að merking sambandsins verður hin sama og eignarfallsorðsins. Dæmi: „sæmdar blóm“ = sæmd; „hryggðar klútur“ = hryggð. Frekari heimild: Davíð Erlingsson 1974.

3.2.16 Skrauthvörf (gríska: *eufemismos*): ein tegund >**umritunar** (sjá 3.2) þar sem kurteislegri eða mildilegri orð eru notuð í stað orða sem kunna að hneyksla eða særa; hlutlausari orð notuð í stað bannorða af ýmsu tagi. Einkenni háttvíst og teprulegt tal á 19. og fram á 20. öld. Dæmi:

„fingralangur“ fyrir þjófóttur, „sofna svefninum langa“ fyrir deyja, „ansi“ fyrir andskoti.

Skrauthvörf tengjast nú einna helst svokallaðri pólitískri réttsýni (á ensku: *political correctness*) þar sem reynt er að hreinsa orðræðuna af hvers kyns fordómum og tryggja hlutleysi. Dæmi: „mikill á þvervegin“ fyrir feitur, „nýbúi“ fyrir innflytjandi, „þroskaheftur“ fyrir fáviti.

3.2.17 Dæmisaga (latína: *exemplum*): stutt saga eða dæmi sem skotið er inn í texta til skýringar eða lærdóms og eftirbreytni. Dæmi: „Það veit ég þó þér ætlið ekki að segja, assessor, sagði biskupsfrúin, að til geti verið tvenniskonar réttur sannleikur, annar fyrir suðurheim, hinn fyrir norðurheim.“

Arnas Arnæus svaraði seint, með þeim gamansama miðflótta ræðunnar, sem stundum getur borið svip af hvarfli, en aldrei stofnar dýrum málstað í hættu:

Það er til fjall í Kinninni fyrir norðan, sem heitir Bakrángi ef maður sér austaná það, Ógaungufjall ef maður stendur fyrir vestan það, en utanaf skjálfaða kalla sjófarendur það Galta“ (*Hið ljósa man*, 9. kafli. Halldór Laxness 1969:236). Dæmisaga getur um leið verið >**allegoría**.

3.3 Frávik frá venjulegri merkingu orða

Ákveðin tegund >**stílbragða** felur í sér frávik frá venjulegri merkingu orða og orðtaka. Það getur verið í gagnstæðar áttir eins og er um stílbrögðin >**ýkjur** og >**úrdrátt**. Í þennan flokk falla einnig stílbrögð eins og >**íronía** og >**rómantísk íronía** sem hér verður fjallað um.

3.3.1 Ýkjur (gríska: *hyperbole*): >**stílbragð** sem byggir á því að eitthvað er orðum aukið til þess að vekja sérstaka athygli á því og orka á tilfinningarnar. Unglingamál einkennist gjarnan af ýkjum, t.d. ýkjukenndum áhersluorðum sem eru notuð í tíma og ótíma. Dæmi: Eitthvað er sagt „ógeðslega“ gott, „hrikalega“ gaman, „ýkt“ mikið er af einhverju o.s.frv. Sjá >**úrdrátt** til samanburðar.

3.3.2 Úrdráttur (gríska: *litotes*): >**stílbragð** sem lætur í fljótu bragði minna yfir sér en >**ýkjur**, en leynir á sér af því að meira er gefið í skyn en sagt berum orðum. Úrdráttur felst oft í eins konar neitun, jafnvel tvöfaldri neitun. Hann er algengur í Íslendingasögum og fleiri fornum textum.

Dæmi: „Heyrt hef eg að þér hafið kvisað í milli yðar að eg væri EKKI LÍTILL maður vexti, en sjá skuluð þér þar stærri menn ef þér komið í Útgarð. Nú mun eg ráða yður heilræði. Látið þér EIGI STÓRLEGA yfir

yður. EKKI munu hirðmenn Útgarða-Loka VEL þola þvílíkum kögursveinum köpuryrði“ (Gylfaginning, 45. kafli. Snorri Sturluson 1992:58).

3.3.3 Íronía (gríska: *eironeia*): >**stílbragð** þar sem orðanna hljóðan er andstæð því sem meint er í raun og veru. Réttur skilningur ræðst þá af samhengi eða af látbragði og/eða raddblæ þess sem talar. Í klassískri mælskufræði var íronía talin til stílbragða.

Dæmi: „Ef allt þetta fólk fær í gullsölum himnanna gist / sem gerir sér mat úr að nugga sér utan í Krist, / þá hlýtur sú spurning að vakna hvort mikils sé misst / ef maður að síðustu lendir í annarri vist“ (Ef allt þetta fólk. Jón Helgason 1971:41).

Það sem kallast háð á íslensku er stundum talið ein tegund íroníu, en því er venjulega beint gegn ákveðinni persónu eða málstað í árásarskyni. Andstæðingnum eru eignaðir eiginleikar eða afrek sem stangast á við veruleikann eða skoðun þess sem talar, en raunveruleg merking er andstæð því sem í orðunum felst. Sbr. orð Snorra Sturlusonar í formála Heimskringlu að enginn mundi þora að rekja þau verk konungs sem „allir þeir er heyrðu vissu að hégómi væri og skrök og svo sjálfur hann. Það væri þá háð en eigi lof“ (Snorri Sturluson 1991:2,4).

3.3.4 Rómantísk íronía (þýska: *romantische Ironie*), tvísæi: >**stílbragð** sem áberandi varð í evrópskri rómantík. Þjóðverjinn Friedrich Schlegel skilgreindi rómantíska íroníu í fagurfræði sinni um 1800, en Heinrich Heine og fleiri þýsk skáld beittu henni óspart í skáldskap sínum á fyrri hluta 19. aldar.

Fjölnismenn lýstu þessu stílbragði eins og það birtist hjá Heine: „Samt er hann ekki stöðugur í sér þegar hann yrkir; því meðan það er sem blíðast og barnalegast hjá honum, þá er hann allt í einu rokinn og gengur berserksgang, og meðan hann leikur sér í meinleysi og er ekki nema tilfinningin tóm, veit enginn fyrri til en hann verður meinhæðinn og tilfinningarlaus“ (*Fjölnir* 1835:141). Rómantísk íronía birtist oft í meðvituðu >**stílofi** þar sem einlæg og jafnvel tilfinningasöm lýsing eða stemmning, t.d. fögur náttúrumynd, er skyndilega rifin niður með kaldhæðinni athugasemd. Tvísæið felst í því að skáldið byggir upp ímyndaðan heim en sýnir hann um leið í öðru ljósi sem afhjúpar haldleysi hans og blekkingu.

Dæmi: „Því lyptist jeg á léttum himinvæng / um ljósan geim á silfurtærum bárum, / og bý mér mjúka, háa, helga sæng, / sem haggast ei af neinum sorgartárum. / Slengdu þér duglega, sál mín, um geiminn, /

sjóðandi kampavíns lífguð af yl! / Kærðu þig ekkert um helvítis heiminn, / hoppaðu blindfull guðanna til!“ (Gaman og alvara. Benedikt Gröndal 1900:242); „Nú roðar fjöllin röðulgeisli fagur, / og rottur kvaka um ást á hverri grein“ (Til hypothetista, 2. erindi. Þórbergur Þórðarson 1975b:41).

4. Ýmis ræðueinkenni og mælskulistarbrögð

Ýmis ræðueinkenni og mælskulistarbrögð hafa verið skilgreind í aldanna rás. Í 3. kafla var fjallað um þau brögð sem teljast **>endurtekning**, **>yfirfærð merking og umritun** eða **>frávik frá venjulegri merkingu orða**. Hér í 4. kafla verður fjallað um nokkur brögð sem falla utan þessara flokka, en það eru einkenni á borð við **>aposiopesis**, **>ávarp**, **>beina ræðu**, **>exordium**, **>hálfbeina ræðu**, **>hljóðgerving**, **>hugsað tal**, **>inngangsorð beinnar ræðu**, **>mælskuspurningu**, **>orðaleik**, **>óbeina ræðu**, **>upphrópun** og **>útúrdúr**.

4.1 Aposiopesis (gríska: *aposiopaein*, „að steinþegja“): ræðubragð sem felst í því að hætt er í miðju kafi í beinni ræðu eða hugsun, þegar kemur að meginatriði setningarinnar, og lesanda (áheyrenda) látið eftir að fylla í eyðuna. Oftast er það notað til þess að tjá ákafar tilfinningar, hrifningu, hræðslu, undrun, sorg, reiði, jafnvel hótun. Á prenti er þetta iðulega sýnt með punktalínunum eða bandstrikum.

Dæmi: „– Eg sé eins og geislabaug utan um höfuðið á honum.

– Guð almáttugur varðveiti mig! ... En þú sér og heyrir oft svo mikla vitleysu. ... EF HANN VÆRI NÚ ...

– Væri hvað?

Sigurbjörg hafði ekki svo mikið ímyndunarafl, að hún kæmist lengra í ágizkunum sínum. En hún var svo hrædd, að hún þorði hvergi að vera í bænum – þó að hún yrði að gera það. Svo ægilegur sem geislabaugurinn var, sá er Þórunn hafði séð, þá var þó bylurinn enn ægilegri“ (*Óskin*. Einar H. Kvaran 1924:342).

4.2 Ávarp (gríska: *apostrofe*): þegar ræðumaður eða höfundur beinir orðum sínum beint til annarrar persónu, æðri máttarvalda eða **>persónugerðra** (sjá 3.2.4) hugtaka, í stað venjulegra áheyrenda eða lesanda; oftast til þess að leggja áherslu á tilfinningahita eða hátíðleika. Dæmi: „Ó SYND, Ó SYNDIN arga, / hvað illt kemur af þér“ (25. Passíusálmur, 8. erindi. Hallgrímur Pétursson 1996:122).

4.3 Bein ræða (latína: *oratio recta*): orð eða setningar sem tilfærðar eru óbreyttar eins og höfundur telur þær hafa verið sagðar. Andstæða beinnar ræðu er **>óbein ræða** þar sem greint er frá því hvað persóna hafi sagt. Bein ræða er notuð bæði í eintölum og ræðum, en oftast þó í samræðum. Höfundar nota hana sem sviðsetningu á samtölum, sem geta skipst á við eða komið í stað lýsinga og frásagna. Orðafar beinnar ræðu nálgast oft

talmál og það því fremur sem höfundur leggur meira kapp á að gera samtöl lifandi og eðlileg til þess að ná sem raunsæjustum blæ. Bein ræða er t.d. algeng í **>þjóðlegum stíl** Íslendingasagna. Í eldri ritum fylgja henni venjulega **>inngangsorð** („sagði“, „mælti“), en í skáldsögum síðari tíma er inngangsorðum oft beitt til þess að sýna hvernig var talað, t.d. í **>impressjónískum stíl**, og oft er þeim sleppt með öllu.

Dæmi: „Egill svaraði konungi: „Ekki vil eg að við Þórólfur skiljumst í orustu en vel þykir mér að okkur sé þar skipað er mest þykir þurfa og harðast er fyrir.“

Þórólfur mælti: „Látum við konung ráða hvað hann vill okkur skipa. Veitum honum svo að honum líki. Mun eg vera heldur ef þú vilt þar er þér er skipað.“

Egill segir: „Þér munuð nú ráða en þessa skiptis mun eg oft iðrast““ (Egils saga 1992:113, 54. kafli). Sjá dæmi um skipti á milli ólíkra ræðutegunda þar sem fjallað er um **>hálfbeina ræðu**.

4.4 Exordium (latína, merkir „byrjun“), formáli: í klassískri mælskufræði á þetta hugtak við um formálsorð að ræðu, að formi til háð vissum reglum. Í íslenskum ritum fyrr á öldum var það notað um stílfastan formála, svo sem að prédikunum eins og Vídalínspostillu, sbr. **>prédikunarstíl**. Í aðfaraorðum íslenskra miðaldarita má sjá ýmis merki hinnar klassísku formálahefðar, t.d. í helgisögum. Frekari heimild: Sverrir Tómasson 1988.

4.5 Hálfbein ræða (latína: *oratio tecta*): eins konar millistig milli **>beinnar ræðu** og **>óbeinnar ræðu**; að formi til nær óbeinni ræðu, þar sem frumlagið er 3. persónufornafn og sagnorðið í þátíð, en inngangsorðum óbeinnar ræðu venjulega sleppt.

Dæmi: Einar H. Kvaran skiptir oft á milli ólíkra ræðutegunda í sögum sínum eins og sjá má á eftirfarandi kafla:

„Ingibjörg kallaði til einnar stúlkunnar og bað hana að ljúka við það, sem hún hafði sjálf verið að gera í búrinu. (óbein ræða) Þá fór hún fram í stofuna með Anderson.

– Hér hefir verið mikill fagnafundur, sagði Anderson. Þorgrímur hefir fengið að vita, að við erum bræðrasynir. Hann vill ólmur einhver hátíðabrigði út af heimkomu minni. Eg hefi beðist undan veizluhaldi. Í stað þess ætlar hann að gera góðverk á Gunnu yðar og gefa henni upp sakir.“ (bein ræða)

„Ingibjörg horfði á þá til skiftis, glöð og forviða. Hvernig g a t staðið á þessu eins og skapi Þorgríms auðsjáanlega hafði verið farið, þegar þeir fóru út úr stofunni? Á frændræknina trúði hún ekki. Var

Anderson einhver töframaður?“ (hálfbein ræða) (Anderson. Einar H. Kvaran 1924:312–313).

4.6 Hljóðgervitur (gríska: *onomatopoeia*): klassískt ræðubragð þar sem notuð eru eða fundin upp orð sem gefa merkingu sína í skyn með hljóminum. Ýmis orð í daglegu tali draga dóm af hljóðunum sem þau skírskota til (t.d. krunk, suss), en slíkir hljóðgervitur eru líka notaðir í skáldskap. Dæmi: „Inni í döggvotu kjarri var HVÍSLAÐ og HVÍSKRAÐ / og hlegið og beðið og ÍSKRAÐ og PÍSKRAÐ“ (Laugardagskveld eftir Gustaf Fróding, þýðandi Magnús Ásgeirsson 1975:243).

4.7 Hugsað tal (franska: *monologue intérieur*, enska: *interior monologue*): frásagnartækni í skáldskap sem felst í því að birta hugsanir persóna milliliðalaust, ýmist sem >**hálfbeina ræðu** eða formálalaust í fornaði 1. persónu.

Síðarnefnda aðferðin líkist mjög þeirri frásagnartækni sem kölluð er **vitundarstreymi** eða **hugflæði** (á ensku: *stream of consciousness*), enda leggja sumir þessi hugtök að jöfnu. Aðrir gera þann greinarmun á þeim að vitundarstreymið eða hugflæðið líki enn frekar eftir hugrenningatengslum og órökvísu þankagangi mannshugans; venjulegri setningaskipun sé þar algjörlega kollvarpað og stigið til fulls það skref sem stigið sé til háls í hugsuðu tali (Wales 1989:254–256, 431–433). Það er þó ljóst að með hugsuðu tali stefna höfundar oft að því að sýna beinlínis hið órökrétt og samhengislaus í hugsun og vitundarlífi mannsins; hefðbundinni setningaskipun er iðulega raskað og lesandinn er eins og látinn vera staddur í hugarheimi persónunnar. Meðal þeirra stíleinkenna sem beitt er í þessum tilgangi eru >**liðfall**, >**ótengdar** setningar (sjá 2.3.2), >**setningarrof** og óregluleg setning greinarmerkja.

Dæmi: „... það er svo margt að minnast á pabbi, margar glaðar stundir, en samt er ég að verða einmana aftur, það var einhver með snúna fætur að sniglast á neðri hæðinni á Bergstaðastrætinu, en við náðum aldrei sambandi, það var eitthvað óhreint í ísskápnum hjá honum, þá kom skápshillan sér vel, æ, og svo voru það þessar stúlkur, þær voru alltaf horfnar fyrr en varði, ein varð gömul, önnur skildi eftir sig randaflugu í álögum, sú þriðja – ég veit ekki nema það sé hún sem er við stýrið hérna uppi og hafi breyst svona mikið, en nú er hundurinn stokkinn fram úr lokrekkjunni og kominn að borðinu til mín, búinn að leggja hausinn á hægri handlegg minn, gagn að ég er örvhentur, en elsku gamli pabbi gleraugnaglámur, nú sést bláa húsið út um kýraugað, við siglum inn lygnan fjörðinn, kominn glampanni sól, hérna er enginn snjór, hérna er hægt

að drekka fíflamjólk, ég verð að slökkva á lampanum ...“ (*Svefnhjólíð*. Gyrðir Elíasson 1990:143–144).

4.8 Inngangsorð beinnar ræðu: á undan eða eftir >**beinni ræðu** fara oft sagnorð eins og „sagði“ eða „mælti“. Þau eru kölluð inngangsorð beinnar ræðu. Stundum er þar um orðasambönd að ræða eins og „komst hann svo að orði“ o.s.frv. Inngangsorðin eru jafnvel tvítekin og hefur það verið talið eitt af >**alþýðlegum stíleinkennum á miðöldum** (sjá viðauka 9). Dæmi: „... DAVÍÐ SAGÐI: „Greiðist,“ KVAÐ HANN, „bæn mín svo sem reykelsi í augliti þínu““ (*Íslensk hómilíubók* 1993:84).

4.9 Mælskuspurning (latína: *interrogatio*): retorísk spurning (sbr. retorík eða >**mælskufræði**) þar sem mælandinn veit svarið fyrirfram og ætlast ekki til svars, jafnvel svarar sjálfur. Dæmi: „Hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáðin best?“ (*Ísland*. Jónas Hallgrímsson 1989:63).

4.10 Orðaleikur (gríska: *paronomasia*): klassískt ræðubragð sem felst í notkun margæðra orða eða orða sem hljóma líkt en hafa mismunandi merkingu. Orðaleikur gengur því gjarnan út á hljóðlíkingu eða tvíræðni sem notuð er til að koma flatt upp á menn. Hann er algengur í mæltu máli, ekki síst í margs konar fyndni eða bröndurum. Orðaleikur er einnig notaður sem listbragð í bókmenntum frá ýmsum tímum allt frá klassískri fornöld, en einkum varð hann vinsæll á endurreisnartímanum, t.d. í verkum Shakespeares.

Dæmi: Ljóðabækur Sigurðar Pálssonar bera oft nöfn sem byggja á orðaleik, enda má skilja þau sem samsett orð þó að þau séu prentuð hvert í sínu lagi: *Ljóð vega salt*, *Ljóð vega menn*, *Ljóð vega gerð* o.s.frv.

4.11 Óbein ræða (latína: *oratio obliqua*): endursögn á orðum persónu í >**undirskipaðri** (sjá 2.3.1) setningu eða setningarlið, sem stjórnað er af inngangsorðum (t.d. „hann sagði“, „kvaðst“ eða „spurði“). Óbein ræða er andstæða >**beinnar ræðu**.

Dæmi: „Arnæus KVAÐST ævinlega jafnforvitinn að heyra um opera antiquaria, SPURÐI hvað bóka hann ætti, en um það var júnghærinn ófróður, SAGÐIST lítt hafa lagt í vana sinn að rýna í þær gömlu skröksögur um Gunnar á Hlíðarenda og Gretti Ásmundarson og aðra reyfara sem hér hófust í landinu til forna; KVAÐST meira að segja skyldu gefa hans hávelborinheitum þessar druslur ef hann vildi“ (*Hið ljósa man*, 11. kafli. Halldór Laxness 1969:253).

Sjá dæmi um skipti á milli ólíkra ræðutegunda þar sem fjallað er um >**hálfbeina ræðu**.

4.12 Upphrópun (latína: *exclamatio*): upphrópun er sígilt mælskubragð sem notað er til áherslu í ræðulist og skáldskap. Dæmi: „Niður með klaufhamarinn!“ (*Riddarar hringstigans*. Einar Már Guðmundsson 1982:10).

4.13 Útúrdúr (latína: *digressio, excursus*): frávik frá framsetningu aðalefnis eða innskot sem kemur því lítið eða ekki við. Í klassískri mælskufræði voru útúrdúrar viðurkennt ræðubragð. Þeir eru áberandi stíleinkenni á >**hefðarstíl** og einnig algengir í helgisögum miðalda. Tilgangur útúrdúra í helgisögum er oft að fræða lesendur um eitthvað sem er þeim framandi, t.d. baksvið verks eða ólíkan menningarheim sem það er sprottið úr, eða að skýra verkið sjálft og túlka, jafnvel á >**allegorískan** (sjá 3.2.8) hátt. Útúrdúrar koma einnig fyrir í Íslendingasögum þó að þeir heyri þar fremur til undantekninga. Í Fóstbræðrasögu er sagt frá hetjulegum ævilokum Þorgeirs Hávarssonar og er þar brugðið út af venjulegum frásagnarhætti Íslendingasagna sem er að öllu jöfnu laus við útúrdúra og útlekkingar.

Dæmi: „Allir ágættu hans vörn, þeir er vissu hversu hraustlega hann varðist, og mæltu allir eitt um hans vörn og fræknleik að menn þóttust eigi hans jafningja fundið hafa. Þorgeir hjó hart og tíðum af miklu afli og öruggum hug og var honum sjálfum hugur sinn bæði fyrir skjöld og brynju og þykjast menn eigi vita þvílíka vörn sem Þorgeir hafði. Almáttigur er sá sem svo snart hjarta og óhrætt gaf í brjóst Þorgeiri og eigi var hans hugprýði af mönnum ger né honum í brjóst borin heldur af hinum hæsta höfuðsmið“ (*Fóstbræðra saga* 1995:63, 17. kafli). Síðar í sama kafla eru lesendur fræddir um ólík hjörtu hugprúðra og huglausra manna: „Þórarinn ofsi hjó höfuð af Þorgeiri og hafði í brott með sér.

Svo segja sumir menn að þeir klyfðu hann til hjarta og vildu sjá hvílíkt væri, svo hugprúður sem hann var, en menn segja að hjartað væri harðla lítið og höfðu sumir menn það fyrir satt að minni séu hugprúðra manna hjörtu en huglausra því að menn kalla minna blóð í litlu hjarta en miklu en kalla hjartablóði hræðslu fylgja og segja menn því detta hjarta manna í brjóstinu að þá hræðist hjartablóðið og hjartað í manninum“ (*Fóstbræðra saga* 1995:64–65, 17. kafli). Frekari heimildir: Jónas Kristjánsson 1972 og Clover 1982.

5. Stíltegundir

5.1 Alþýðlegur stíll

Í íslenskri stílfræði er hefð fyrir því að ræða um alþýðlegan stíl annars vegar og >lærðan stíl hins vegar. **Alþýðlegan** má telja þann stíl sem einkennist af hversdagslegri fremur en hátíðlegri málnotkun, >**hliðskipuðum** (sjá 2.3.1) aðalsetningum fremur en undirskipuðum aukasetningum og tiltölulega eðlilegri orðaröð (sbr. sjálfgefna orðaröð íslensku). Bent hefur verið á fleiri >**alþýðleg stíleinkenni** (sjá viðauka 9) sem marki sögustíl á Íslandi eins og hann hafi þróast út frá munnlegri frásagnarhefð á miðöldum.

Hin almenna skipting í alþýðlegan og lærðan stíl er þó ekki einhlít, enda eru sumar stíltegundir mjög blandaðar. Þannig er orðaröð óvenjuleg í >**impressjónískum stíl** sem er að öðru leyti alþýðlegur fremur en lærður, og hinn upphafni og lærdómslegi >**biblústíll** er alþýðlegur að því leyti að hann er oft hliðskipaður. Skiptingin er því fremur til hægðarauka en að hún sé örugg flokkunaraðferð. Að sjálfsögðu eru engin tók á því á þessum vettvangi að fjalla um allar þær stíltegundir sem talist gætu alþýðlegar. Hér hafa verið valdir nokkrir fulltrúar alþýðlegs stíls frá ólíkum tímaskeiðum og úr ýmsum greinum bókmennta, en þeir eru: >**harðsoðinn stíll**, >**impressjónískur stíll**, >**lágstíll**, >**miðstíll**, >**vikublaðastíll**, >**þjóðlegur stíll** og >**þjóðsagnastíll**.

5.1.1 Harðsoðinn stíll (úr ensku: *hard-boiled*): oft notað um >**stíltegund** eða frásagnarhátt, einkum í bandarískum bókmenntum á 3. og 4. áratug 20. aldar, sem einkenndist af knöppum stíl, hlutlægni og tilfinningaleysi á ytra borði, jafnvel þegar lýst er grimmd og vægðarleysi. Ernest Hemingway var helsti fulltrúi þessa stíls. Bent hefur verið á svipuð stíleinkenni í >**þjóðlegum stíl** Íslendingasagna. Dæmi um harðsoðinn stíl í íslenskum nútímabókmenntum má finna í ritum Indriða G. Þorsteinssonar og sumum bókum Halldórs Laxness, t.d. Íslandsklukkunni og Gerplu.

Dæmi: Í Íslandsklukkunni er því lýst þegar Jón Hreggviðsson er hýddur opinberlega. Þó að samúðin með þessum undirokaða kotbónda fari aldrei á milli mála í sögunni er lýsingin á hýðingunni harðsoðin og orkar því enn sterkar á lesandann í öllu sínu miskunnarleysi: „Jóni Hreggviðssyni brá ekki við fyrstu högginn, en við fjórða og fimta högg hljóp í skrokkin stjarfi svo geingu upp á honum endarnir og vatnaði undir fótleggi, andlit og ofanvert brjóst, en þúngi mannsins hvíldi á spentum kviðnum, hnefarnir kreptust, fætturnir réttust fram í öklana, liðir stirðnuðu og vöðvar hörðnuðu; það sá í iljar manninum að hann var í nýstögluðum skóm. Hundarnir komu frammá veggbrúnina og geltu oní tóttina. Þegar

komin voru átta högg sagði sýslumaður að nú skyldi gefa staðar um sinn, afbrotamaðurinn átti rétt á hvíld. Þó var enn ekki nema rétt byrjað að roðna á honum bakið. En Jón Hreggviðsson kærði sig ekki um hvíld, heldur æpti með skýrtuna framyfir höfuð:

Áfram í djöfulsnafni maður.

Var þá starfinu haldið áfram án frekari tafar“ (*Íslandsklukkan*, 2. kafli. Halldór Laxness 1969:17).

5.1.2 Impressjónískur stíll: >**stíltegund** sem kennd er við impressjónisma, sem var listastefna á ofanverðri 19. öld og átti rætur í þeim vanda hvernig lýsa skyldi raunveruleikanum. Aðferð hans byggði á því að velja úr það sem skýrast einkenndi það sem lýsa skyldi og mest áhrif hafði á skynjun höfundar á fyrsta andartakinu (franska: *l'impression initiale*). Í stað frásagnar af orðum og hugsunum persónanna eykst notkun >**hálfbeinnar ræðu** og >**hugsaðs tals**. Samræðurnar eru gjarnan tilfærðar án >**inngangsorðs beinnar ræðu** og leitast við að sýna eðlilegt talmál fólks með frávikum frá hefðbundinni setningaskipan, oft með prentmálstækni, bandstrikum og punktalínunum.

Megineinkenni impressjónísku stíls er viðleitni höfunda til að leysa upp hefðbundna, röklega setningaskipun, forðast aukasetningar sem lýsa orsakatengslum og láta þannig lesandanum eftir rökvísa sundurgreiningu. >**Hliðskipun** óx á kostnað >**undirskipunar**, svo og notkun >**ótengdra setninga** (2.3.2). Innri gerð setninga breyttist talsvert, enda er breytt orðaröð, þ.e. >**framskipun** og >**bakskipun**, ein aðferð til að spegla áhrif skynjunar og tilfinningar. Öfug orðaröð var mikið notuð og lýsingarorð fremur höfð sem viðurlag en einkunn.

Þolmynd sagna var oft notuð í stað germyndar og mikið um >**sagnfelldar setningar**. Nýstárlega samsett lýsingarorð einkenna og stílinn, þ.a.m. stílbragðið >**oxymoron**: harmblítt, mjúksár (Þorgils gjallandi). Stóraukin notkun stílbragðsins >**hluti í stað heildar** er ein afleiðing viðleitninnar að sýna fyrstu áhrifin. Í stíl impressjónisma ber ekki mikið á >**myndmáli** (sjá 3.2), einna helst á >**líkingum**. Algengar eru svokallaðar **óeiginlegar líkingar** sem lýsa sér í því að höfundurinn virðist breiða yfir vitneskju sína, sé áhorfandi eins og lesandinn. Dæmi: „annars var séra Guðni nokkuð litbreytinn, og eins og frammivistin hefði gert hann eitthvað óróan í skapi“ (Þorgils gjallandi. Sbr. Jakob Benediktsson 1983:132–133, en höfundur þeirrar uppflettigreinar er Þórður Helgason).

5.1.3 Lágstíll (latína: *genus humile*): einfaldur stíll eða >**stíltegund** sem mótaður er af talmáli og að mestu laus við >**stílbrögð**. Í fornri

>**mælskufraði** (sbr. >**hástíl** og >**miðstíl**) þótti látlaus stíll af þessu tagi við hæfi þar sem ræðumaður rakti staðreyndir eða líkt var eftir máli alþýðumanna eins og rómverska skáldið Virgill gerði í hjarðljóðaflokki sínum *Bucolica* frá 1. öld fyrir Krist. Í >**stílfraði nútímans** er notkun slangurs og lággúrlegs orðavals stundum talin til lágstíls. Dæmi: Í lágstíl væri orðið „trýni“ eða „fés“ notað um andlit manns.

5.1.4 Miðstíll eða miðlægur stíll (latína: *genus medium*): ákveðinn stíll eða >**stíltegun** sem er upphafnari en >**lágstíll** en hófstílltari en >**hástíll** og >**stílbrögð** ekki eins áberandi og í þeim síðarnefnda. Í fornri >**mælskufraði** þótti miðstíll hafa skemmtiefni eða uppbyggilegum lýsingum á störfum bænda eins og lesa má um í *Búnaðarbálki* eða *Georgica* sem rómverska skáldið Virgill orti á 1. öld fyrir Krist. Í >**stílfraði nútímans** er hlutlaust orðaval stundum talið til miðstíls. Dæmi: Í miðstíl væri orðið „andlit“ haft um það sem væri kallað „ásjóna“ í hástíl en „trýni“ eða „fés“ í lágstíl.

5.1.5 Vikublaðastíll: ákveðin >**stíltegun** sem einkennir oft vikublöð og myndskreytt afþreyingarefni. Meðal einkenna eru tilfinningaþrungin orð, lýsandi lýsingarorð (skemmtilegur, leiðinlegur), atviksorð sem notuð eru til fyllingar eða áherslu (virkilega, svona, alltaf, oft, kannski, bara) og eru til marks um áhrif talmáls. >**Stílblærinn** er gjarnan persónulegur og huglægur. Myndir og myndatextar skipa mikið rúm. Setningar eru >**hliðskipaðar** (sjá 2.3.1) og oft >**liðfelldar** (sjá 2.4.5).

Dæmi: „Ótal tónleikar hafa verið haldnir hér síðustu tólf mánuðina. Flestir þeirra voru prýðilegir og ekki margt sem hægt var að gagnrýna. Samt voru aðeins örfáir sem virkilega hrifu mig. Þetta er skrítið, vegna þess að tónlist á að hræra upp í manni. Sumir heimspekingar hafa talið tónlistina æðsta allra listgreina; eitthvað sem gæti brúað bilið á milli okkar og æðri máttarvalda. Samt gerist ekkert – nema örsjaldan. Er þá efnisskráin svona leiðinleg? Nei, svo er ekki.“

... En ég veit það ekki. Kannski er það bara eðlilegt. Er ekki snilldin alltaf sjaldgæf? Snillingar eru bara lítið brot af mannkyninu, og það veit guð að aðeins lítið brot góðra tónlistarmanna er gætt snilligáfu. Kannski á meðalmennskan eftir að ríkjast um ókomna tíð; kannski verða flestir tónleikar alltaf yfirborðslegir – eða hreinlega leiðinlegir. En samt borgar sig að fara á marga tónleika. Það er oft ekki skemmtilegt, en maður veit aldrei hvenær maður hefur heppnina með sér“ (Feilnóturnar í íslensku tónlistarlífi. Jónas Sen 1997:44).

5.1.6 Þjóðlegur stíll (danska: *folkelig stil*): nafn sem gefið hefur verið þeirri >**stíltegund** norrænna fornbókmennta sem er andstæð >**lærdómsstíll** og >**hefðarstíll**, þ.e. að mestu laus við latnesk eða lærð einkenni og notkun klassískra >**stílbragða**. Upptök sín á hann í munnlegri frásögn og kemur skýrast fram í veraldlegri sagnaritun Íslendinga (sbr. >**alþýðleg stíleinkenni á miðöldum**, sjá viðauka 9). Meðal sérkenna hans hefur verið bent á að langar setningar séu sjaldgæfar, >**hliðskipun** algengari en undirskipun, að frjálslega sé farið með tíðir sagna (sbr. >**sögulega nútíð**, sjá 2.2.2), oft beitt öfugri orðaröð (sbr. >**framskipun**), ásamt ýmsum einkennum talmáls, ekki síst í tilsvörum (sbr. >**beina ræðu**). Frásagnarhátturinn er jafnan hlutlægur og orðaforðinn hversdagslegur og hlutbundinn (sjá til samanburðar >**harðsoðinn stíll**).

Þetta er sá stíll sem setur svip sinn á Íslendingasögur (oft nefndur sögustíll eða Íslendingasagnastíll). Þrátt fyrir þjóðlegan uppruna sinn og yfirbragð hefur hann orðið fyrir ákveðnum áhrifum frá klassískri mælskufræði, en stílbrögðum hennar er þar beitt af mikilli hófsemi og þau jafnan löguð að arfteknum venjum munnlegs frásagnarháttar. Stíllinn er stuttur og lítið reynt að teygja úr frásögninni með >**endurtekningu** og >**stigmögnun** eða ákvarða og skreyta fyrirbæri með lýsandi >**einkunnum** (sjá 2.2.3) eins og algengt var í fornklassískri frásagnarhefð.

Dæmi: „Það var eitt sinn um veturinn er á leið að knattleikur var að Borg suður í Sandvík. Þá voru þeir Þórður í móti Skalla-Grími í leiknum og mæddist hann fyrir þeim og gekk þeim léttara. En um kveldið eftir sólarfall þá tók þeim Agli verr að ganga. Gerðist Grímur þá svo sterkur að hann greip Þórð upp og keyrði niður svo hart að hann lamdist allur og fékk hann þegar bana. Síðan greip hann til Egils.

Þorgerður brák hét ambátt Skalla-Gríms. Hún hafði fósttrað Egil í barnæsku. Hún var mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnig mjög.

Brák mælti: „Hamast þú nú Skalla-Grímur að syni þínum.“

Skalla-Grímur lét þá lausan Egil en þreif til hennar. Hún brást við og rann undan en Skalla-Grímur eftir. Fóru þau svo í utanvert Digranes. Þá hljóp hún út af bjarginu á sund. Skalla-Grímur kastaði eftir henni steini miklum og setti milli herða henni og kom hvorki upp síðan. Þar er nú kallað Brákarsund“ (*Egils saga* 1992:79, 40. kafli).

5.1.7 Þjóðsagnastíll (stundum nefndur ævintýrastíll): svo er kölluð sú >**stíltegund** sem helst einkennir íslenskar þjóðsögur eins og þær voru gefnar út á 19. öld. Hún ber skýr merki munnlegrar frásagnarlistar en er þó um leið mótuð af hugmyndum útgefendanna um >**þjóðlegan stíll** í anda íslenskra fornbókmennta. Þau einkenni sem hér verða talin eru því sumpart

komin frá þeim sem gáfu sögurnar út, enda var enginn einn stíll á þeim margvíslegu munnmælum sem safnað var í ýmsum sveitum landsins.

Eins og sjá má á greiningunni á **>ævintýrinu um Búkollu** (sjá viðauka 10) er þjóðsagnastíllinn talsmálslegur og talsvert um alþýðleg orðtök. Orðaforðinn er hlutlægur og frásögnin laus við **>útúrdúra**. **>Hliðskipun** er ríkjandi og setningar yfirleitt einfaldar að byggingu. **>Framskipun** er áberandi stílbragð, ekki síst **>framskipun sagnorða**, en einnig ber nokkuð á framskipun atviksorða. Dæmi: Atviksorðið „mjög“ er oft slitið frá því orði sem það stendur með og sett fremst í setningu: „Mjög var álfkonan góð við stúlkuna“ (*Sagnakver*. Skúli Gíslason 1947:53). Lýsingarorð og atviksorð standa líka oft á eftir því orði sem þau vísa til og lýsa. Dæmi: „Einu sinni kom herskip mikið að landi“; „voru þeir vinir miklir“ (*Sagnakver*. Skúli Gíslason 1947:31,65; sjá fleiri dæmi í **>ævintýrinu um Búkollu** í viðauka 10).

Eitt helsta stíleinkenni þjóðsagna eru **>endurtekningar** ýmiss konar. Oft er eins og þessar endurtekningar eigi rætur í yndi barna af því að heyra aftur það sem þau hafa áður heyrt, enda hafa margar þjóðsögur verið ætlaðar ungum áheyrendum. Mikið er um formúlur, bæði **>sagnaformúlur** (sjá 3.1.18) og **>epískar formúlur** (sjá 3.1.18). En endurtekningarnar birtast ekki síst í því útvíkkaða stílbragði sem **þríttalan** er. Hún getur verið fólgin í þrítekningu atburða og þremur systur og bræðrum sem koma víða fyrir. Dæmi: Sjá dæmi í **>ævintýrinu um Búkollu** (viðauki 10).

Talsvert er um skipti milli tíða og **>sögulega nútíð** (sjá 2.2.2). Oft er brugðið yfir í **>beina ræðu** á mikilvægum stöðum í sögunni; orðaskiptin eru þá gjarnan háttbundin eins og er í **>ævintýrinu um Búkollu** (sjá viðauka 10) þar sem strákurinn og kýrin skiptast á orðum sem eru endurtekningasöm og byggjast á þrítölu. Háttbundin orðaskipti af þessu tagi einkenna líka evrópsk ævintýri og má þar minna á spurningar stúlkunnar og svör úlfsins sem þykist vera amma hennar í ævintýrinu um Rauðhettu.

5.2 Lærður stíll

Þó að alvanalegt sé að tala um „lærðan“ stíl til aðgreiningar frá **>alþýðlegum stíl** eru menn ekki á eitt sáttir um kennimörk þess stíls, enda eru þau mjög breytileg frá einu tímaskeiði til annars. Auk þess eru stíltegundir oft bundnar ákveðnum greinum bókmennta og jafnvel einstökum verkum, en það veldur því að erfitt að líta á stílinn út af fyrir sig án tillits til textasamhengis.

Yfirleitt er það einkenni sameiginlegt „lærðum“ stíl að setningaskipun er frekar flókin og almennt mikið um >**undirskipun**. En það er mismunandi hvaða einkenni setja helst mark sitt á ólíkar tegundir „lærðs“ stíls. Sýna má fram á ákveðin >**lærð stíleinkenni** (sjá viðauka 11) sem algeng eru í íslenskum ritum síðari alda, en þau eru ekki að öllu leyti hin sömu og greina má í „lærðum“ stíl miðalda. Um slík einkenni er fjallað í tengslum við hverja stíltegund sem lýst er, en hér eru eftirtalдар stíltegundir talдар „lærðar“ og er listinn þó fjarri því að vera tæmandi: >**barokkstíll**, >**bíblíustíll**, >**hástíll**, >**hefðarstíll**, >**kansellístíll**, >**lærdómsstíll**, >**prédikunarstíll**, >**skróðstíll** og >**stofnanastíll**.

5.2.1 Barokkstíll: >**stíltegund** sem nokkuð ber á í skrifum menntaðra Íslendinga á síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta 18. aldar, bæði kristilegum og alvöruþrungnum ritum (t.d. Hússpostillu Jóns Vídalíns, sbr. >**prédikunarstíll**) og gáskafullum ádeiluritum (t.d. Lofi lyginna eftir Þorleif Halldórsson). Mikið er þar lagt upp úr ýmsum listbrögðum sem hafa það markmið að styrkja persónulega tjáningu mælandans, gefa textunum skrautlegt og tignarlegt yfirbragð og gagntaka fólk og hrífa. Dregnar eru upp skýrar og nákvæmar myndir einstakra fyrirbæra og síðan beitt >**orðmögnum** og jafnvel >**ýkjum** eða skrumskælingu til þess að koma lesendum á óvart. Í þessu skyni eru líka notaðar óvæntar >**líkingar** og >**orðaleikur**, eignarfallssamsetningar, >**stigmögnum**, >**hliðstæður** og >**andstæður**. Setningaskipun er oft flókin og >**hliðskipuð** (sjá 2.3.1) og málsgreinar langar. Þessi einkenni koma flestöll fram í Vídalínspostillu þar sem rætt er um reiðina.

Dæmi: „En sá sem reiður er, hann er vitlaus. Og því segir Horatius að hún [reiðin] sé nokkurskonar stutt æði, teiknandi þar með að enginn sé munur þess sem reiður og hins sem vitstola er, nema að reiðin varir skemur, æðið lengur, og eru þó dæmi til þess að sumir hafa búið svo lengi að heiftinni að þeir aldrei hafa orðið heilvita aftur.

Heftin er eitt andskotans reiðarslag [1M 4 (de Cain)]. Hún afmyndar alla mannsins limi og liði. Hún kveikir bál í augunum. Hún hleypir blóði í nasirnar, bólgu í kinnarnar, æði og stjórnleysi í tunguna, deyfu fyrir eyrun. Hún lætur manninn gnísta með tönnunum, fljúga með höndunum, æða með fótunum. Hún skekur og hristir allan líkamann og aflagar svo sem þegar hafið er uppblásið af stórviðri. Og í einu orði að segja: Hún gjörir manninn að ófreskju og að holdgetnum djöfli í augum þeirra sem heilvita eru.

Og ef hún svo afskræmir ásýnd mannsins fyrir öðrum mönnum, hvörninn mun hún þá ekki afmynda sálina í Guðs augliti? Segið mér

hvílikur djöfull mun þar inni búa sem álit mannsins verður hið ytra svo afskræmt“ (Prédikun á sunnudegi milli áttadags og þrettánda. Jón Vídalín 1995:130–131).

5.2.2 Biblíustíll: nafn á **>stíltegund** sem kennd er við Biblíuna. Sérkennilegur stíll biblíumáls á sér framar öllu rætur í því að textinn er heilög bók, grundvöllur guðsdýrkunar og guðspjónustu. Málfar biblíuþýðinga hefur því ávallt verið hátíðlegt, stundum skáldlegt, og oft fjarlægt mæltu máli. Mörg einkenni þess stafa beinlínis frá frumtextunum, þar sem þýðendur gerðu sér far um að þýða nákvæmlega, og því koma **>stílbrögð** og **>myndmál** (sjá 3.2) frumtextanna að verulegu leyti til skila. Hebresk áhrif eru t.d. auðsæ í Gamla testamentinu, þ.á m. mikil notkun **>hliðstæðna** og **>andstæðna** með margvíslegum tilbrigðum, ásamt **>endurtekningu** af ýmsu tagi (t.d. **>tautologíu**); eins er margt í myndmáli af hebreskum uppruna (t.d. í Ljóðaljóðunum).

Eitt sérkenni á biblíustíl er fjöldi beinna og óbeinna **>vísana** í önnur rit Biblíunnar, sem sýnir að gert hefur verið ráð fyrir mikilli þekkingu á biblíutextunum hjá þeim sem hann notuðu. Meðal setningafræðilegra einkenna má nefna tíða notkun á samtengingunni „og“ (sbr. **>fjöltengdar setningar**, sjá 2.3.2). Þýðing Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu (frumútgefin 1540) hafði mótandi áhrif á íslenskan biblíustíl öldum saman.

Dæmi: „„Elísabet, eiginkona þín, mun þér son fæða, og hann skalt þú Jóhannes að nafni kalla. Og það mun þér fögnuður og gleði, og margir munu fagna af hans burðartíð, því að hann mun verða mikill fyrir Guði. Vín og áfengan drykk mun hann eigi drekka, og þegar frá móðurkviði mun hann uppfylltur verða af helgum anda. Og marga af sonum Ísraels mun hann snúa til Guðs, Drottins sjálfra þeirra. Og hann mun fyrir honum fara í anda og krafti Elíe““ (Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar 1988:117. Lúkas 1.13–17). Sbr. **>prédikunarstíll**.

5.2.3 Hástíll (latína: *genus sublime*): upphafinn stíll eða **>stíltegund** þar sem málið er skreytt með **>stílbrögðum**. Í fornri **>mælskufræði** (sbr. **>miðstíll** og **>lágstíll**) þótti íburðarmikill stíll af þessu tagi aðeins hæfa háleitu og virðulegu efni, t.d. hetjukvæðum eins og Eneasarkviðu rómverska skáldsins Virgils frá 1. öld fyrir Krist. Orðavalið er þá hátíðlegt og skáldlegt. Í **>stílfræði nútímans** eru orð sem miðla tilfinningu fjarlægðar í tíma eða rúmi stundum talin til hástíls, t.a.m. **>málfyrningar** (sjá 2.1) eða úreltar orðmyndir. Dæmi: Í hástíl væri orðið „ásýnd“ haft um andlit eða „man“ um konu (sbr. **>heiti**).

5.2.4. Hefðarstíll (danska: *høvisk stil*): >**stíltegund** sem varð til í þýðingum riddarasagna úr frönsku, fyrst í Noregi á fyrri hluta 13. aldar (einnig kallaður hirðstíll og riddarasagnastíll). Hann á rætur sínar bæði í >**þjóðlegum stíl** norrænna bókmennta og í >**lærdómsstíl**, auk þess sem áhrifa gætir frá frumtextunum sem oftast voru í ljóðum. Frá lærdómsstíl er komið margvísleg málskrúð sem á vissan hátt kemur í stað ljóðmáls frumtextans, og eru því oft óskýr mörk milli lærdómsstíls og hefðarstíls þar sem >**stílbrögð** og setningafræðileg einkenni eru iðulega svipuð.

Meðal þess sem hefur verið talið einkenna hefðarstíl eru ýmiss konar >**útúrdúrar**, svo sem orða- og setningahliðstæður, >**andstæður**, >**orðaleikur** og viðmiklar >**líkingar** eða >**myndhverfingar** (sjá 3.2). Fastmótuð hrynjandi, stuðlun og rím setja einnig svip á hefðarstíl, en með þessum hljómrænu þáttum kann að vera að þýðendurnir hafi verið að bæta fyrir það að þeir héldu ekki ljóðformi frumtextanna.

Dæmi: „Hún var klædd einum hjúp hins bezta blíats [silkiefnis] við hvítum skinnum, fótvíðum, fuglofnum og gullofnum. Því næst klæddist hún litlum möttli hins bazta pells. Hvítara var hold hennar en nýfallinn snjór á þurrum viði eða hið hvítasta blóm á grasi. Aldri kom sá karlmaður í heiminn svo harmsfullur og hryggur, ef hann sæi hana, þá myndi hann hlæja og gleðjast hjarta hans; og kom hún þá til Elis og lagði hægri hönd sína undir háls honum, þar sem hann lá í grasinu. Sem jarlinn leit hana, þá sýndist hún honum svo fögur og fríð og ynnileg, svo siðug og sæmileg, að hann gleymdi öllum sínum harm ...“ (Elis saga og Rósamundu. *Riddarasögur* IV, 1954:70).

5.2.5 Kansallístíll: >**stíltegund** sem kennd er við stjórnarskrifstofur (kancelli) danska ríkisins, þar sem hún varð til. Kansallístíll var síðan beitt í embættisbréfum opinberra aðila, lögum og reglugerðum. Hann er ópersónulegur og stefnir að smásmugulegri nákvæmni og rökfestu í framsetningu. Samfelldur hugsanaferill skal helst settur fram í einni málsgrein, þar sem röklegt samhengi kemur fram í mikilli >**undirskipun** og geta því málsgreinar orðið býsna langar. Orðafar er oft fjarlægt mæltu máli og föst orðasambönd mikið notuð, þ.e. eins konar >**formúlur** (sbr. >**orðaklösun**). Kansallístíll getur því orðið torskilinn venjulegum lesanda.

Dæmi: „Samt skal Jón Þórðarson fyrir sína staklega frekju, grófyrði og dirfskulegu óskikkanlegheit hér fyrir lögþingis-rétti, með hvörjum hann hefur auðsýnt sig öldungis ekki að vilja gæta þeirra virðingar, sem lögin skylda hann til að veita kongsins rétti, oftsinnis þar um af réttinum áminntur, bæta áðurnefndum 64 ssum [skildingum] til Hallbjarnareyrar hospitals, sem sýslumaður Jón Arnórsson hospitalsins vegna innkrefur“

(*Alþingisbækur* XVI:546, árið 1790). Á Íslandi voru opinber gögn lengi undir áhrifum þessarar stíltegundar og má enn sjá þess nokkur merki í **>stofnanastíl**.

5.2.6 Lærdómsstíll: **>stíltegund** sem helst ber á í þýðingum úr latínu á norrænu og í frumsömdum ritum, einkum trúarlegum, sem samin eru í líkum anda. Helstu einkenni sem greina hann frá **>þjóðlegum stíl** innlendra rita eru að lærdómsstíll er margorðari og notar margs konar **>stílbrögð** og setningafræðileg atriði sem eru fátíð í þjóðlegum stíl. Orðafjöldi er aukinn með mörgum **>einkunnum** (sjá 2.2.3) og **>hliðstæðum**, oft stuðluðum.

Algeng setningafræðileg einkenni eru mikil notkun lýsingarhátta (einkum nútíðar), miðmyndarsagna og beygðra fornafna (einkum ábendingarfornafnsins sá og spurnarfornafna eins og hverr) í stað tilvísunartenginga, svo og mun meiri **>undirskipun** en í þjóðlegum stíl. Lærdómsstíll þróast á 13. öld á tvennan hátt: annars vegar í **>hefðarstíl** sem fyrst kemur fram í þýddum riddarasögum, hins vegar í **>skróðstíl** sem verður til á síðasta þriðjungi aldarinnar.

Dæmi: Í útlegginköflum Íslenskrar hómilíubókar (rituð um 1200) má greina ýmis einkenni lærdómsstíls. Á einum stað er fjallað um það á lærðan hátt að Leviathan sá sem sagt er frá í Gamla testamentinu sé í raun djöfullinn sjálfur í hvalslíki og talað um guðfræðileg efni eins og um fiskveiði væri að ræða. Beitt er ýmiss konar **>klifun**, **>orðmögnun**, **>líkingu** og **>andstæðum**, auk þess sem stuðlun, miðmyndarsagnir, lýsingarhættir og undirskipaðar setningar einkenna textann:

„Sjá gleypandi hvalur merkir gráðgan andskota, þann er svelgja vill allt mannkyn í dauða. Agn er lagt á öngul, en hvass broddur leynist. Þenna orm tók almáttugur Guð á öngli, þá er hann sendi son sinn til dauða, sýnilegan að líkam en ósýnilegan að guðdómi. Diabolus [djöfullinn] sá agn líkams hans, það er hann beit og vildi fyrfara. En guðdómsbroddur stangaði hann svo sem öngull. Á öngli varð hann tekinn, því að hann beiddist að grípa líkams agn það, er hann sá, en hvass guðdómsbroddur, sá er leyndur var, særði hann. Á öngli varð hann tekinn, því að hann fékk skaða af því, er hann beit, og glataði hann þeim, er hann hafði áður veldi yfir. Því að hann treystist að grípa þann, er hann hafði ekki veldi í gegn“ (*Íslensk hómilíubók* 1993:109).

Sjá til samanburðar **>lærð stíleinkenni** (viðauki 11) eins og þau birtast í íslenskum ritum um og eftir siðbreytingu. Frekari heimildir: Nygaard 1896 og Jónas Kristjánsson 1972.

5.2.7 Prédikunarstíll: ákveðin >**stíltegund** sem einkennist m.a. af fornlegum orðum, ríkum orðaforða, tilfinningaþrungnu orðavali, mikilli notkun >**myndmáls** (sjá 3.2) og hátíðlegum >**stílblæ**. Auk þess ber þar mikið á beinum tilvitnunum eða óbeinum >**vísunum** í heilaga ritningu og dregur stíllinn þá jafnvel dóm af henni og verður líkur >**bíblíustíl**. Eins og heitið gefur til kynna tíðkast hann einkum í prédikunum og guðsorðaritum, en rennur saman við >**barokkstíl** í frægasta riti þeirrar tegundar á Íslandi, Vídalínspostillu.

Dæmi: „Offrið drottni lofgjörðinni, segir Davíð. Varla má minna vera, bræður mínir, en að vér offrum hönum kálfum vara vorra [Hs. 14], það er lofgjörðinni, er sínum eingetna syni, því saklausa Guðs lambi, lét slátra á krossins altari til að forlíka heiminn við sjálfan sig“ (Prédikun þriðja dag páska. Jón Vídalín 1995:379). Prédikanir hófust gjarnan á stílföstum formála, sbr. >**exordium**.

5.2.8 Skrúðstíll (danska: *florissant stil*): nafn sem gefið hefur verið ákveðinni >**stíltegund** sem þróaðist úr >**lærdómsstíl** á síðasta þriðjungi 13. aldar og síðar. Megineinkenni beggja eru hin sömu, en í skrúðstíl er stílblöggðum lærdómsstíls beitt miklum mun óhóflegar, orðafjöldi verður meiri og málskrúðið altækara; í þýðingum á það sér ekki beinar fyrirmyndir í frumtextum heldur stafar af ákveðnum stílhugmyndum þýðenda; eins hefur verið bent á viss áhrif frá >**hefðarstíl**.

Eins og danskt heiti stíltegundarinnar gefur til kynna einkennist hún af orðaflúri eða „blómuðu“ (florissant) máli. Má þar nefna gildishlaðin lýsingarorð og atviksorð (t.d. sætur, blessaður), myndrænar samsetningar nafnorða sem koma í staðinn fyrir lýsingarorð og nafnorð (t.d. pínslartré, girndartré, pínungar lykill), íburðarmikið >**myndmál** (sjá 3.2) sem minnir oft á >**kenningar** dróttkvæða og stuðluð orðasambönd. Setningagerð er oft flókin og byggist gjarnan á lýsingarhætti nútíðar í stað framsöguháttar eða viðtengingarháttar.

Dæmi: „Því skal þar við skilja sem Júdas er kominn í stað sinn, og renna augum þessu næst fram til krossins, er vér áður frá gengum, lítandi þann akur drottins sem þar frævast í nýrri sæmd og virðing ávaxtarins. Þessi ávöxtur í akri drottins er hinn sætasti guðs vin, Jóhannes, er karlmannlega fylgdi sínum konungi, hver nú hefir útgefið sinn anda blessaðan, læknaði þann sjúkdóm á pínslartré, sem inn gekk í paradísu fyrir girndartré, herjandi nú til helvítis með afli guðdómsins, knýjandi lokur og lása helvískra herbúða með hvellum hamri síns almáttigs anda, lemjandi djöfulsins höfuð, sem fyrr var heitið, brott grípandi sem bjartur sigurvegari alla sína menn af óvina valdi, leiðandi þá með styrkri hendi til

eilífrar gleði, er nú var auðfær og upplokin með hans píningar lukli“ (Tveggja postula saga Jóns og Jakobs, 15. kafli. *Sögur úr Skarðsbók* 1967:88).

5.2.9 Stofnanastíll: nafn á >**stíltegund** sem einkennir opinberar tilskipanir og greinargerðir nútímans. Eitt helsta kennimark hans er svokölluð >**nafngerving** (sjá 2.2.1). Hún birtist einkum með tvenns konar hætti í stofnanastíl: 1. nafnorð eru fremur notuð en samstofna sagnorð. Dæmi: „gera rannsókn“ fyrir rannsaka, „framkvæma mælingar“ fyrir mæla. 2. samsett nafnorð eru mjög algeng og geta þá komið í stað fleiri orða, jafnvel heilla setninga. Dæmi: könnunarforsendur, samanburðargrundvöllur, kostnaðarviðmiðun. Oft einkennist stofnanastíll af flókinni setningaskipun (sbr. >**undirskipun**) og minnir því að ýmsu leyti á >**kansellístíl** fyrri alda.

Dæmi: „Síst koma til greina þær umsóknir þar sem stofnanir óska eftir framlögum til endurnýjunar á eldri tækjum eða kaupum á hefðbundnum rannsóknatækjum sem vera ættu hluti af almennum búnaði viðkomandi stofnana og því greiðast af almennum framlögum til þeirra“ (*Vísindasjóður. Tæknisjóður. Bygginga- og tækjasjóður* [1996]:27).

6. Heimildaskrá

6.1 Útgáfur

- Alþingisbækur Íslands* I–XVII. 1912–1990. Reykjavík.
- Anton Helgi Jónsson. 1979. *Dropi úr síðustu skúr*. Reykjavík.
- Álfrún Gunnlaugsdóttir. 1993. *Hvatt að rúnum*. Reykjavík.
- Bandamanna saga*. 1956. Hallvard Mageröy bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.
- Benedikt Gröndal. 1900. *Kvæðabók*. Reykjavík.
- Biblían. Heilög ritning*. 1981. Ný útgáfa. Reykjavík.
- Björn Jónsson. 1922–1927. *Skarðsárannáll. Annálar 1400–1800* I. Hannes Þorsteinsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Eddukvæði*. 1968. Ólafur Briem bjó til prentunar. Reykjavík.
- Egils saga*. Sígildar sögur 2. 1992. Bergljót S. Kristjánsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Einar Benediktsson. 1964. *Kvæðasafn*. Pétur Sigurðsson bjó til prentunar. Inngangur eftir Sigurð Nordal. Reykjavík.
- Einar Már Guðmundsson. 1982. *Riddarar hringstigans*. Reykjavík.
- Einar H. Kvaran. 1924. *Stuttar sögur*. 2.–3. útgáfa. Reykjavík.
- Finnur Jónsson (ritstj.). 1912–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A I–II og B I–II. Kaupmannahöfn.
- Fjögur ljóðskáld*. 1957. Hannes Pétursson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Fjölnir 1835.
- Fóstbræðra saga*. Sígildar sögur 5. 1995. Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Gestur Pálsson. 1970. *Sögur*. Sveinn Skorri Höskuldsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Gyrðir Elíasson. 1989. *Tvö tungl*. Reykjavík.
- Gyrðir Elíasson. 1990. *Svefnhjólið*. Reykjavík.
- Halldór Laxness. 1969. *Íslandsklukkan*. 3. útg. Frumútg. 1943–1946. Reykjavík.
- Hallgrímur Pétursson. 1996. *Passíusálmar*. Einar Sigurðsson o.fl. bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1977. *Kvæðasafn 1951–1976*. Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1983. *36 ljóð*. Reykjavík.
- Íslensk hómilíubók. Fornar stólræður*. 1993. Sigurbjörn Einarsson o.fl. bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Jóhann Jónsson. 1986. *Ljóð og ritgerðir*. Einar Laxness bjó til prentunar. Reykjavík.

- Jón Helgason. 1971. *Úr landsuðri. Nokkur kvæði*. Fjórða prentun. Frumútg. 1939. Reykjavík.
- Jón Magnússon. 1967. *Píslarsaga síra Jóns Magnússonar*. Sigurður Nordal bjó til prentunar. Reykjavík.
- Jón Vídalín. 1995. *Vídalínspostilla*. Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Jón úr Vör. 1979. *Þorpið*. 3. útg. Frumútg. 1946. Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. I. bindi. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Jónas Sen. 1997. Feilnóturnar í íslensku tónlistarlífi. *Mannlíf*, 5. tbl. 14. árg.:42–44.
- Magnús Ásgeirsson. 1975. *Ljóðasafn I*. Anna Guðmundsdóttir og Kristján Karlsson bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Matthías Jochumsson. 1980. *Ljóð. Úrval*. Ólafur Briem bjó til prentunar. Reykjavík.
- Megas. 1991. *Textar*. Reykjavík.
- Möttuls saga*. 1987. Editiones Arnamagnæanæ B, 30. Marianne E. Kalinke bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.
- Nína Björk Árnadóttir. 1982. *Svartur hestur í myrkrinu*. Reykjavík.
- Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. 1988. Sigurbjörn Einarsson o.fl. bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Ólafur Þórðarson. 1927. *Málhljóða- og málskrúðsrit. Grammatisk-retorisk afhandling*. Finnur Jónsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.
- Pétur Gunnarsson. 1982. *Persónur og leikendur. Skáldsaga*. Reykjavík.
- Riddarasögur VI*. 1954. Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Sálmabók 1589. Ein ný sálmabók ...* Guðbrandur Þorláksson bjó til prentunar. Hólum.
- Shakespeare, William. 1970. *Leikrit V*. Helgi Hálfðanarson þýddi. Reykjavík.
- Skúli Gíslason. 1947. *Sagnakver Skúla Gíslasonar*. Sigurður Nordal bjó til prentunar. Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1981. *Kvæði 1940–1966*. Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1991. *Heimskringla*, fyrri bindi. Bergljót S. Kristjánsdóttir o.fl. bjuggu til prentunar. Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1992. *Edda Snorra Sturlusonar*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Stefán Hörður Grímsson. 1979. *Ljóð*. Reykjavík.
- Steinn Steinarr. 1964. *Kvæðasafn og greinar*. Kristján Karlsson bjó til prentunar. Reykjavík.

- Stephan G. Stephansson. 1980. *Andvökur*. Sigurður Nordal bjó til prentunar. 2. útg. Frumútg. 1939. Reykjavík.
- Sögur úr Skarðsbók*. 1967. Ólafur Halldórsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Tómas Guðmundsson. 1950. *Fljótið helga*. Reykjavík.
- Vilborg Dagbjartsdóttir. 1981. *Ljóð*. Reykjavík.
- Vísindasjóður. Tæknisjóður. Bygginga- og tækjasjóður. Leiðbeiningar og upplýsingar til umsækjenda og styrkþega fyrir styrkárið 1997*. [1996.] Reykjavík.
- Vísnaþók 1612. Bishop Guðbrands Vísnaþók 1612*. Monumenta typographica Islandica V. Published in facsimile with an introduction in English by Sigurður Nordal 1937. Kaupmannahöfn.
- Þjóðsagnabókin. Sýnisþók íslenzkra þjóðsagna I–III*. 1971–1973. Sigurður Nordal bjó til prentunar. Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1975a. *Í Suðursveit*. Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1975b. *Edda Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík.

6.2 Heimildir

- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblíá*. Bibliotheca Arnamagnæana XVII. Kaupmannahöfn.
- Clover, Carol J. 1982. *The Medieval Saga*. Ithaca og London.
- Clunies Ross, Margaret. 1987. *Skáldskaparmál. Snorri Sturlusons ars poetica and medieval theories of language*. Odense.
- Davíð Erlingsson. 1974. *Blómað mál í rímum*. Studia Islandica 33. Reykjavík.
- Davíð Erlingsson. 1998. Manneskja er dýr og henni er hætt. Um nykrað. *Gripla* X:49–61.
- Fowler, Roger. 1996. *Linguistic Criticism*. 2. útg. Frumútg. 1986. Oxford og New York.
- Halldór Halldórsson. 1975. *Old Icelandic heiti in Modern Icelandic*. University of Iceland: Publications in Linguistics 3. Reykjavík.
- Jakob Benediktsson (ritstj.). 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 1985. Closing Statement: Linguistics and Poetics. Robert E. Innis (ritstj.). *Semiotics. An Introductory Anthology*:147–175. Greinin birtist fyrsta sinni árið 1960. Bloomington, Indiana.
- Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafjelagsins VII. Kaupmannahöfn.
- Jónas Kristjánsson. 1972. *Um Fóstbræðrasögu*. Reykjavík.

- Lentricchia, Frank og Thomas McLaughlin. 1995. *Critical Terms for Literary Study*. 2. útg. Frumútg. 1990. Chicago og London.
- Nowottny, Winifred. 1984. *The Language Poets Use*. Frumútg. 1962. London.
- Nygaard, M. 1896. Den lærde stil i den norrøne prosa. *Sproglig-historiske studier tilegnede professor C.R. Unger*:153–170. Kristiania.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. 3. útg. Reykjavík.
- Preminger, Alex og T.V.F. Brogan (ritstj.). 1993. *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*. Princeton, New Jersey.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Reykjavík.
- Vésteinn Ólason (ritstj.). 1992–1993. *Íslensk bókmenntasaga* I–II. Reykjavík.
- Vickers, Brian. 1988. *In Defence of Rhetoric*. Oxford.
- Wales, Katie. 1989. *A Dictionary of Stylistics*. London og New York.
- Westergård-Nielsen, Chr. 1946. *Låneordene i det 16. århundredets trykte islandske litteratur*. Bibliotheca Arnamagnæana VI. Kaupmannahöfn.
- Wilpert, Gero von. 1989. *Sachwörterbuch der Literatur*. 7. útg. Stuttgart.
- Þorleifur Hauksson (ritstj.) og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Reykjavík.
- Þórbergur Þórðarson. 1983. Einum kennt – öðrum bent. *Ýmislegar ritgerðir* II:50–83. Reykjavík.

VIÐAUKAR

VIÐAUKI 1: Fræðikenningar Romans Jakobson

Rússneski skáldskaparfræðingurinn Roman Jakobson (1896–1982) byggði fræðikenningar sínar um skáldskaparmál á þeim grunni sem svissneski málvísindamaðurinn Ferdinand de Saussure (1857–1913) hafði lagt í upphafi 20. aldar.

Ferdinand de Saussure leit svo á að tvær hliðar væru á tungumálinu: (1) Við getum valið úr jafngildum orðum sem til greina koma en (2) hins vegar þarf að tengja þessi orð saman eftir ákveðnum reglum svo úr verði setning. **Valið** er samtímalegur verknaður, gerist á ákveðnum tímapunkti, en **tengingin** er söguleg, hún er ferli sem nær yfir ákveðna tímalengd við að orðunum er raðað hverju á eftir öðru.

Málinu má líkja við hnitakerfi þar sem tjáningin er ferð eftir láréttum ási og fer fram í tíma, en á hverjum tímapunkti fer fram val milli jafngilda eininga á lóðréttum ási:



Einingarnar á lárétta ásnum þurfa á hinn bóginn ekki að vera jafngildar til að geta tengst, en á milli þeirra þarf að vera merkingarlegt samhengi. Þær þurfa að vera gildir liðir í þeirri „atburðarás“ sem á sér stað, t.a.m. orð úr mismunandi orðflokki við myndun setningar.

Samkvæmt Saussure velur málnotandinn úr tiltækum orðum sömu merkingar, þ.e. orðum sem eru **jafngild** (t.a.m. stúdent, nemandi) og tengir við næsta orð sem einnig er valið úr flokki jafngilda og þannig áfram þar til setning hefur verið mynduð. Sérhvert orð í setningunni „Nemandanum finnst setningin afskaplega vitlaus“ hefur verið valið úr hópi slíkra jafngilda og tengt öðrum á lárétta ásnum eftir ákveðnum reglum:

Val

Nemandanum	þykir	málgreinin	ógurlega	heimskuleg
Stúdentinum	finnst	orðin	afskaplega	kjánaleg
Honum	sýnist	textinn	afar	vitlaus
Henni o.s.frv.	virðist	setningin	óskaplega	út í hött

Tenging

Í framhaldi af þessu setti Roman Jakobson fram þá kenningu að í **skáldskaparmáli flytjist jafngildisreglan af ási valsins yfir á ás tengingarinnar** (sjá Jakobson 1985:147–175). Þannig sé t.a.m. eitt orð látið ríma við annað, orð sem standa nálægt hvort öðru byrji á sama hljóði eða hljóðaklasa o.s.frv. Í samfellunni sé valið m.ö.o. ekki lengur frjálst heldur þurfi að taka tillit til umhverfisins, þeirra orða sem eru í grenndinni. Í skáldskaparmáli er því valið af lóðréttu ásnum skilyrt af umhverfinu á lárétta ásnum.

Slík nálægð í skáldskap gerir kröfur til samræmis, orðunum er ekki aðeins raðað saman vegna hugsunar sem að baki þeim liggur eins og í daglegu máli, heldur með tilliti til hvers konar líkinda, andstæðna eða hliðstæðna sem skapast af hljóðan þeirra, hrynjandi o.s.frv. Þannig getur orð jákvæðrar merkingar rímað við annað sem er í sjálfu sér hlutlaust, t.a.m. mannsnafn, sem fær þá um leið „jákvæðni“ rímorðsins. Slagorðasmiðir hafa fært sér þetta í nyt eins og Jakobson sýnir með dæmi úr bandarískri kosningabaráttu: „I like Ike“. Gælunafn forsetaframbjóðandans Eisenhovers („Ike“) öðlast þá jákvæðni orðsins „like“ í krafti hljóðlíkingarinnar.

Einnig má minna á fleyg orð Júlíusar Sesars, „Veni, vidi, vici“ („Ég kom, ég sá, ég sigraði“), þar sem jafngildisreglan hefur færst yfir á lárétta ásin. Latnesku orðin eru öll tvíkvæð, en auk þess byrja þau og enda á sama hljóði (v-i, v-i, v-i). Nýlegt dæmi úr íslenskum menningarheimi væri auglýsing frá Osta- og smjörsölunni: „brOSTu“. Hin auglýsta afurð, osturinn, fær „jákvæðni“ þá sem ósjálfrátt fylgir brosinu; brosinu og ostinum er ætlað að tengjast í huga neytandans rétt eins og í orðinu sjálfu. Slagorðið „Norden er i orden“ er myndað á svipaðan hátt. Hljóðlíking af þessu tagi er líka notuð á neikvæðan hátt í áróðri ýmiss konar, t.d. slagorðum í stjórnmálabaráttu eins og „Hætta frá hægri“ og „Varúð frá vinstri“.

Jakobson bendir á ákveðin tengsl venjulegrar málnotkunar og ákveðinna >**stílbragða** í skáldskap. Hann telur að hin samtímalega og

sögulega hlið á almennri málnotkun, þ.e. val og tenging, sé sambærileg við tvær mikilvægar hliðar á skáldskapnum, >**myndhverfingu** og >**nafnskipti**. Myndhverfing (metafora) er samtímaleg, byggist á vali af lóðréttá ásnúnum, að baki henni liggur hugmynd um merkingarleg líkindi í einhverjum skilningi. Orðin (táknin) sem eru valin eru önnur en þau sem liggja beinast við, en þau eiga einhverja sameiginlega merkingu sem skáldið er að benda á með myndhverfingunni. Nafnskipti (metonymia) eru á hinn bóginn söguleg, grundvöllur þeirra er tengiásinn. Orðið sem notað er tengist á einn eða annan hátt því sem átt er við, tilheyrir því eða er hluti af því. Segja má að nafnskiptin byggist á þekkingu á einhvers konar atburðarás eða samhengi; það eru t.d. nafnskipti að biðja um „einn bolla“ því setningin er merkingarlaus nema í einhverju samhengi (væntanlega er verið að biðja um eitthvað í bolla, t.d. kaffi eða kakó). Myndhverfingin byggir m.ö.o. á **staðvenslum**, því að við myndun hennar er eitt tákn sett í stað annars, en nafnskiptin byggja á **raðvenslum**, þar sem notuð eru tákn sem tengjast öðrum í sömu röð eða „atburðarás“.

Fræðikenningar Romans Jakobson hafa notið almennrar viðurkenningar í heimi málvísinda og bókmenntafræði, en þær eru þó ekki óumdeildar fremur en önnur mannanna verk. Ýmsum þykir Jakobson einfalda mjög hið flókna eðli máls og skáldskapar. Hann upphefji tvö stílbrögð á kostnað annarra sem til greina koma og séu ekki síður mikilsverð einkenni á orðræðu og bókmenntum en þau sem hann velur, þ.e. myndhverfing og nafnskipti. Öðrum finnst kenningin bera vott um gamaldags og úrelta tvíhyggju, þar sem allt er útskýrt út frá tveimur andstæðum pólum, rétt eins og höfuðandstæðurnar „himinn“ og „jörð“ voru grundvöllur vestrænnar tvíhyggju fyrr á öldum (sjá Vickers 1988:442–453). Þessar aðfinnslur eiga fullan rétt á sér, en fræðikenningar Jakobsons – og þá ekki síður grunnhugmynd Saussures um tvær hliðar tungumálsins – verða þó að teljast merkilegt framlag í fræðunum. (Sjá ennfremur líkan Jakobsons um >**boðskipti** í viðauka 2.) Frekari heimildir: Jakobson 1985, Fowler 1996 og Vickers 1988.

VIÐAUKI 2: Boðskipti

Málnotkun er ein tegund boðskipta eða boðmiðlunar. Roman Jakobson (sjá ennfremur >**fræðikenningar Romans Jakobsons** í viðauka 1) hefur skilgreint frumþætti boðmiðlunar í ákveðnu líkani sem við hann er kennt:

- a. mælendi (enska: *addresser*), sá sem talar eða ritar.
- b. viðmælendi (enska: *addressee*), sá sem hlustar eða les.
- c. samhengi (enska: *context*), það sem rætt er um eða skírskotað til.
- d. boð (enska: *message*), tal eða texti sem mállegt fyrirbæri.

- e. samband (enska: *contact*), boðskiptaleiðin og tengsl mælanda og viðmælanda.
- f. lykkill (enska: *code*), mál- eða táknkerfi og þær reglur sem þar er fylgt.

Þessum sex boðskiptaþáttum fylgja síðan hliðstæðir virkniþættir (enska: *functions*) eins og Jakobson skilgreinir þá:

- a. tilfinningavirkni (enska: *emotive function*) þegar (persónuleg) tjáning mælandans er aðalatriðið.
- b. áhrifavirkni (enska: *conative function*) þegar leitast er við að vekja tiltekin viðbrögð hjá viðmælanda.
- c. tilvísunavirkni (enska: *referential function*) þegar markmiðið er að koma tilteknu efni á framfæri.
- d. skáldleg virkni (enska: *poetic function*) þegar athygli er beint að boðunum sem slíkum.
- e. sambandsvirkni (enska: *phatic function*) þegar tilgangurinn er að koma á eða viðhalda sambandi milli mælanda og viðmælanda.
- f. kerfisvirkni (enska: *metalingual function*) þegar mælendur skírskota til málkerfisins sjálfs.

VIÐAUKI 3: Framskipun í líkingum

>**Framskipun** er eitthvert algengasta stílbragð í ljóðagerð bæði fyrr og síðar og birtist þar í ýmsum myndum. Í >**líkingum** er eðlilegt að >**kenniliður** (sjá 3.2.2) fari á undan >**tengilið** (sjá 3.2.2) og >**myndlið** (sjá 3.2.2), þ.e. að fyrst sé frumatriðið nefnt á nafn og það síðan borið saman eða tengt við eitthvað annað. Í kvæði Einar Benediktssonar um svaninn er að t.d. finna líkingar þar sem kenniliðurinn er fremstur. Dæmi: „Hans þögn er eins og hljóður hörpusláttur, / sem hugann dregur með sér fjær og fjær. / Hans flug er eins og hrynji aldyr háttur / af himins opnu bók manns sálu nær“ (Svanur, 2. erindi. Einar Benediktsson 1964:239). Dæmi um eðlilega röð liða í líkingum er líka að finna í ýmsum eddukvæðum. Dæmi: „Svo bar Helgi / af hildingum / sem íturskapaður / askur af þyrni / eða sá dýrkálfur, / döggu slunginn, / er efri fer / öllum dýrum / og horn glóa / við himin sjálfan“ (Helga kviða Hundingsbana II, 38. erindi. *Eddukvæði* 1968:294).

En skáldin beita einnig oft því bragði að skipa tengilið og myndlið framan við kenniliðinn og auka þannig vægi samanburðarins og myndarinnar. Dæmi: Í Biblíunni er að finna mörg dæmi um slíka framskipun: „(Brúðguminn) Eins og lilja meðal þyrna, / svo er vina mín meðal meyjanna. / (Brúðurin) Eins og apaldur meðal skógartrjána, / svo er unnusti minn meðal sveinanna“ (Ljóðaljóðin 2.2–3. *Gamla testamentið. Biblían* 1981:692). Annað dæmi er upphaf sálmsins sem sunginn er við

jarðarfarir á Íslandi, þar sem kenniliðurinn kemur ekki fyrir en í síðustu línu erindisins: „Allt eins og blómstrið eina / uppvex á sléttri grund, / fagurt með frjóvgun hreina / fyrst um dags morgunstund, / á snöggu augabragði / afskorið verður fljótt, / lit og blöð niður lagði, / líf mannlegt endar skjótt“ (Um dauðans óvissan tíma, 1. erindi. Hallgrímur Pétursson 1996:202). Svipað kemur fyrir í dægurlagatextum nútímans. Dæmi: „Einsog hamar ótt á steðja / uppá þaki regnið bylur“ (Orfeus og Evridís, 1. erindi. Megas 1991:140).

VIÐAUKI 4: Bakskipun nafnorða og forsetninga í skáldskap

Óvenjuleg orðaröð hefur löngum sett svip sinn á skáldskap og þá einkum bundið mál. Orðaröð í dróttkvæðum miðalda var t.a.m. oft fjarri því sem tíðkaðist í talmáli og þykir því þurfa að „taka saman“ eða raða orðunum í „réttu röð“ þegar dróttkvæði eru skýrð á okkar dögum. En orðaröð er einnig óvenjuleg í yngri skáldskap og birtist m.a. í því sem hér er kallað **>bakskipun**. Ýmsir orðflokkar og setningarliðir koma þar við sögu. Hér verður fjallað stuttlega um tvo þeirra, annars vegar nafnorð eða nafnliði og hins vegar forsetningar.

1. Í bundnu máli er **nafnorðum eða nafnliðum** stundum skipað aftar í setningu eða ljóðlínu en vera ætti skv. sjálfgefinni orðaröð íslensku. Á Sprengisandi heitir alþekkt kvæði eftir Grím Thomsen (1969:76–77). Hvorki meira né minna en sextán ljóðlínur af átján enda þar á nafnorði eða nafnlið, en þau ættu flest að standa framar í línu skv. sjálfgefinni orðaröð. Hin bakskipuðu nafnorð fá aukinn þunga við það að þau eru um leið rímorð, þannig að línulokin hjá Grími minna einna helst á svipuhögg þar sem lýst er skelfilegri reið á hestbaki yfir ógnvænlegan eyðisandinn:

Ríðum, ríðum og rekum yfir SANDINN,
rennur sól á bak við ARNARFELL,
hér á reiki er MARGUR ÓHREINN ANDINN,
úr því fer að skyggja á JÖKULSVELL;
Drottinn leiði DRÖSULINN MINN,
drjúgur verður SÍÐASTI ÁFANGINN.

Þey þey! þey þey! þaut í holti TÓA,
þurran vill hún blóði væta GÓM,
eða líka einhver var að húa
undarlega DIGRUM KARLARÓM;
útilegumenn í ÓDÁÐAHRAUN

eru kannske að smala fé á LAUN.

Ríðum, ríðum, rekum yfir SANDINN,
rökkrið er að síga á HERÐUBREIÐ,
álfadrottning er að beizla GANDINN,
ekki er gott að verða á HENNAR LEIÐ;
vænsta klárinn vildi eg gefa til
að vera kominn ofan í KIÐAGIL.

Hér má einnig sjá dæmi þess sem kalla mætti **fleygun setningarliða** (í stílfræði er þetta stundum kallað **hyperbaton** sem er grískt orð og merkir „að stíga yfir“), en þá er orðum fleygað á milli orða sem venjulega standa saman. Nafnliðurinn „þurr gómur“ er fleygaður þannig að fjögur orð eru á milli lýsingarorðsins og nafnorðsins sem það á við: „ÞURRAN vill hún blóði væta GÓM“ (sjálfgefin orðaröð væri þessi: hún vill væta þurran góm blóði). Grímur notar þetta stílbragð talsvert eins og sjá má á upphafi annars kvæðis eftir hann sem heitir Ólund: „HÁUM helzt und ÖLDUM, / HAFS á botni KÖLDUM, / vil eg LÚIN leggja BEIN, / á HÁLU hvílast ÞANGI...“ (Grímur Thomsen 1969:72).

2. Í bundnu máli er það ekki heldur óalgengt að **forsetningu** sé skipað aftan við orðið sem hún stýrir og jafnvel aftast í setningu eða ljóðlínu. Oft er ástæðan sú að ýmsar forsetningar í íslensku eru þægileg rímorð og þeim því skipað aftast þannig að þær rími við orð í annarri línu. Dæmi: „Kem ég nú þínum krossi AÐ, / kannastu, Jesú minn, við það“ (40. Passíusálmur, 9. vers. Hallgrímur Pétursson 1996:167); „Þegar hann sigldi sjóinn Á / söknuður vætti marga brá“ (Hulduljóð, 30. erindi. Jónas Hallgrímsson 1989:123). En bakskipun af þessu tagi kemur einnig fyrir í órímuðum kvæðum, þannig að ekki ráða kröfur rímsins alltaf orðaröðinni. Dæmi: „Sofið hafa lengi / dróttir og dvalið / draumþingum Á“ (Alþing hið nýja, 10. erindi. Jónas Hallgrímsson 1989:114); „varast smástjörnur / að vekja sofandi / foldina fögru / faðmi nætur Í“ (Næturyrrö (Heinrich Heine), 1. erindi. Jónas Hallgrímsson 1989:173).

VIÐAUKI 5: Barbarismus (latína): hugtak sem notað var í latneskri stílfræði um hvers kyns málvillur í daglegu tali en einnig um svokallað skáldaleyfi, en það er heimild sem skáld tekur sér til að víkja frá venjulegu máli. Ólafur Þórðarson hvítaskáld skilgreindi hugtakið svo í Þriðju málfræðiritgerðinni sem hann skrifaði um 1250: „Barbarismus fékk af því nafn að þá er rómverskir höfðingjar höfðu nálega unnið alla veröldina

undir sína tign tóku þeir unga menn af öllum þjóðum og fluttu þá í Rómam og kenndu þeim að tala rómverska tungu. Þá drógu margir ónæmir menn latínuna eftir sínu eiginlegu máli og spilltu svo tungunni. Kölluðu Rómverjar þann málslöst barbarismum, því að þeir nefndu allar þjóðir barbaros nema Girki og latínumenn. Barbari voru kallaðar fyrst af löngu skeggi og ljótum búnaði þær þjóðir, er byggðu á hávum fjöllum og í þykkum skógum, því að svo sem ásjóna þeirra og búnaður var ófægilegur hjá hæversku og hirðbúnaði Rómverja, slíkt sama var og orðtak þeirra ótogið hjá málsgreinum latínusnillinga ... Barbarismus er með öllu flýjandi í alþýðlegu orðtæki, en í skáldskap er hann stundum leyfður fyrir sakir skruðs eða nauðsynja“ (Þriðja málfræðiritgerðin. Ólafur Þórðarson 1927:40–41). Ólafur tekur dæmi um ýmsar gerðir þess sem hann kallar barbarismus og vitnar þar m.a. í ljóðlínu Arnórs jarlaskálds: „Sumar hvern frekum erni.“ Bendir Ólafur á að hér sé „hvern sett fyrir hvert til þess að hending haldist í dróttkvæðum hætti“ (1927:43). Arnór taki sér m.ö.o. skáldaleyfi og breyti kyni orðsins „sumar“ til þess að uppfylla betur kröfur bragarins. (Sjá til samanburðar >**bakskipun** þar sem fjallað er um áhrif bragar á orðaröð í kvæði.)

VIÐAUKI 6: Lágkúra: hugtak sem Þórbergur Þórðarson notar í skrifum sínum um stílfræði og skilgreinir svo: „lágkúrulegt og sviplaust málfar yfirleitt. Þar í eru fólgin klaufaleg orðaskipun, kauðskt orðalag og kauðskar orðmyndir, ónákvæm og geigandi beiting orða, linjuleg orð og orðasambönd, þar sem þróttur hæfir betur, fábreytilegur orðaforði, endurtekning sömu atkvæða, orða, orðasambanda og setningaforma með stuttu millibili, þegar ekki er um mælskusnilld eða listrænar nauðsynjar að ræða, hljómlaus og ruglingsleg hrynjandi, upptugga á orðum og föstum orðatiltækjum, sem hugsunarlaus vananotkun hefur gert að dauðum limum á líkama tungunnar“ (Einum kennt – öðrum bent. Þórbergur Þórðarson 1983:63–64).

VIÐAUKI 7: Uppskafning: hugtak sem Þórbergur Þórðarson notar í skrifum sínum um stílfræði og skilgreinir svo: „einkenni allrar uppskafningar í rithætti er hofróðulegt tildur og tilgerð, skruf og skrumskælingur, í hugsun, orðavali og samtengingu orða ... fer höfundinum því ver úr hendi, að oftast setur hann lýsingarorð á undan stýriorðinu eða skýtur því inn á milli þess og eignarfallsorðsins eða lætur stýriorðið stjórna fleiri nafnorðum en einu eða tvö eða fleiri stýriorð standa í sömu málsgrein eða setningu, hvort eða hvert með eitt eða fleiri

eignarföll í eftirdragi. Þannig lendir mörgum eignarföllum saman í eina kássu“ (Einum kennt – öðrum bent. Þórbergur Þórðarson 1983:54–55).

VIÐAUKI 8: Flokkun myndhverfinga

1. >**Myndhverfingar** eru oft flokkaðar eftir því hvernig >**kenniliður** (sjá 3.2.2) og >**myndliður** (sjá 3.2.2) eru samsettir. Algengustu samsetningarnar eru þessar:

a) báðir liðirnir hlutbundnir (konkret). Dæmi: „MÁNINN hengir hátt í greinar trjána / sinn hálfa SKJÖLD“ (Við verkalok. Stephan G. Stephansson 1980:381); „nú eru TÁR svarta hestsins / HNÍFSODDAR í nóttinni“ (Svartur hestur í myrkrinu. Nína Björk Árnadóttir 1982:25).

b) annar liðurinn hlutbundinn, hinn óhlutbundinn (abstrakt). Dæmi: „HREINLÍFIS dyggðug DÚFA“ (bróðir Eysteinn: Lilja, 89. erindi. Finnur Jónsson 1912–1915: AII,391); „SPUNAHljÓÐ TÓMLEIKANS lætur í eyrum vor lægra“ (Söknuður. Jóhann Jónsson 1986:34).

2. Myndhverfingar eru einnig flokkaðar eftir mál- og setningarfræðilegum einkennum:

a) svokölluð **kopula** eða bein samsömun, þar sem liðunum er stillt saman með eða án formlegrar tengingar (t.d. sagnorðsins „vera“). Dæmi: Í kristinni hefð er ákveðin myndhverfing notuð til að útskýra þá >**þverstæðu** að María guðsmóðir er sögð hrein mey enda þótt hún hafi eignast barn. Er það skýrt með því að hún hafi sömu eiginleika og glerrúða sem hleypir sólarljósinu í gegnum sig án þess að það breyti glerinu að nokkru leyti; eins hafi María orðið þunguð af heilögum anda og ljós guðs skinið í gegnum hana án þess að spilla meydómi hennar. Um þetta er kveðið í Sálmaabókinni sem Guðbrandur Þorláksson gaf út árið 1589: „Sólin skín í gegnum gler / og gjörir ei spilling neina, / fyrir og eftir fæðing er / óspillt meyjan hreina“ (*Sálmaabók* 1589:7v). Hér eru engin samanburðarorð eða tengingar notaðar milli kenniliðar og myndliðar og þetta telst því kopula. Dæmi um kopulu úr ljóði frá 20. öld: „Ég var drúpanði höfuð, / ég var dimmblátt auga, / ég var hvít hönd“ (*Tíminn og vatnið* 6. Steinn Steinarr 1964:168); „Að baki liggur vegurinn / langur hlykkjóttur ormur“ (Bifreiðin sem hemlar hjá rjóðrinu. Stefán Hörður Grímsson 1979:48).

b) **>einkunn** (sjá 2.2.3) (lýsingarorð eða lýsingarháttur) veldur myndhverfingunni. Dæmi: „KJÁLKAGULUR yfir er / oddborgara hrokinn“ (Greniskógurinn, 8. erindi. Stephan G. Stephansson 1980:236); „Bylgjan, sem bar það uppi, / var BLÓÐUG um sólarlag“ (Jóhann Sigurjónsson: Heimþrá, 3. erindi. *Fjögur ljóðskáld* 1957:58); „ber hann í hendi styrkri / hyldjúpan næturhimin / HELLTAN fullan af myrkri“ (Jóhann Sigurjónsson: Bikarinn, 3. erindi. *Fjögur ljóðskáld* 1957:59).

c) myndhverfingin markast af orða- eða eignarfallssamsetningum. Dæmi: „ÆVINNAR EYÐIMÖRK“ (Einræður Starkaðar, 2. erindi. Einar Benediktsson 1964:422); „við hégum í FAXI MYRKURSINS“ (Jóhann Sigurjónsson: Sorg. *Fjögur ljóðskáld* 1957:60); „Ég yrði fjarri en þættist heyja vel / í VIÐBURÐAHLÖÐU mína“ (Hekla. Anton Helgi Jónsson 1979:17).

d) sagnorð veldur myndhverfingunni. Dæmi: „sólinni BLÆÐIR / á eggjar fjallanna“ (Á kvöldin. Stefán Hörður Grímsson 1979:63); „lekur krani / DRAUP mér fyrrum andvökum“ (Dettifoss. Anton Helgi Jónsson 1979:21); „örnefnin hafa FLAGNAÐ / af flestöllum kennileitum“ (36 ljóð, 18. Hannes Pétursson 1983:29).

VIÐAUKI 9: Alþýðleg stíleinkenni á miðöldum

Alþýðlegur sögustíll 12. og 13. aldar er talinn eiga rætur sínar að rekja til munnlegrar frásagnarhefðar norrænna miðalda (sbr. **>þjóðlegan stíl**). Meðal þeirra einkenna sem talin eru sýna þetta samband við munnlegar frásagnir eru **>setningarroff**, ósamræmi í notkun fornafna, óregluleg tíðanotkun (sbr. **>sögulega nútíð**, sjá 2.2.2), það að hefja **>beina ræðu** á eftir „að“, tilbreytingarleysi í setningatengslum, tvöföld neitun (sbr. **>úrdrátt**), endurtekning á **>inngangsorðum beinnar ræðu**, **>hliðskipaðar** (sjá 2.3.1) setningar þar sem frumlag er ekki endurtekið (sbr. **>frumlagslausar setningar**) og hversdagslegur orðaforði.

VIÐAUKI 10: Ævintýrið um Búkollu

(*Þjóðsagnabókin* III, 1973:234–236):

„EINU SINNI VAR (**>sagnaformúla** 3.1.18) KARL OG KERLING Í KOTI SÍNU. (**>epísk formúla** 3.1.18) Þau áttu einn son, en þótti ekkert vænt um hann. EKKI (**>framskipun** atviksorðs) voru fleiri menn en þau þrjú í kotinu. EINA KÚ (**>framskipun** andlags) áttu þau KARL OG KERLING. (**>epísk formúla** 3.1.18) ÞAÐ VORU ALLAR SKEPNURNAR. (talmálsleg setning) Kýrin hét Búkolla. EINU SINNI

(>**sagnaformúla** 3.1.18) bar kýrin, og sat kerlingin sjálf yfir henni. En þegar kýrin var borin og HEIL (>**framskipun** lýsingarorðs) orðin, hljóp kerling inn í bæinn. SKÖMMU SEINNA (>**framskipun** atviksliðar) kom hún út aftur til að vitja um kúna. En ÞÁ (>**framskipun** atviksliðar) var hún horfin. FARA (>**framskipun** sagnorðs) þau nú bæði, KARLINN OG KERLINGIN, (>**epísk formúla** 3.1.18) að leita kýrinnar og leituðu víða og lengi, en komu jafnnær aftur. VORU (>**framskipun** sagnorðs) þau þá stygg í skapi og skipuðu stráknum að fara og koma ekki fyrir sín augu aftur fyrr en hann kæmi með kúna, (>**óbein ræða**) bjuggu þá strák út MEÐ NESTI OG NÝJA SKÓ, (>**epísk formúla** 3.1.18) og nú LAGÐI (>**framskipun**) hann af stað eitthvað út í bláinn.

(Hér hefst >**prítala** 5.1.7 sem nær út að næstu greinaskilum) Hann gekk LENGI, LENGI, (>**epísk formúla** 3.1.18 og >**sítekning**) þangað til hann settist niður og fór að éta. (Hér hefst >**söguleg nútíð** 2.2.2) ÞÁ SEGIR HANN: (>**inngangsorð beinnar ræðu**) „Baulaðu nú, Búkolla mín, ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“ (>**bein ræða**) Þá heyrir hann, að kýrin baular LANGT, LANGT (>**epísk formúla** 3.1.18 og >**sítekning**) í burtu. GENGUR (>**framskipun** sagnorðs) karlsson enn LENGI, LENGI. (>**epísk formúla** 3.1.18 og >**sítekning**) SEST (>**framskipun** sagnorðs) hann þá enn niður til að éta og SEGIR: (>**inngangsorð beinnar ræðu**) „Baulaðu nú, Búkolla mín, ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“ (>**bein ræða**) HEYRIR (>**framskipun** sagnorðs) hann þá, að Búkolla baular, dálítið nær en í fyrra sinn. ENN GENGUR (>**framskipun**) karlsson LENGI, LENGI, (>**epísk formúla** 3.1.18 og >**sítekning**) þangað til hann kemur fram á fjarskalega háa hamra. ÞAR SEST (>**framskipun**) hann niður til að éta og SEGIR UM LEIÐ: (>**inngangsorð beinnar ræðu**) „Baulaðu nú, Búkolla mín, ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“ (>**bein ræða**) ÞÁ HEYRIR (>**framskipun**) hann, að kýrin baular undir fótum sér. Hann klifrast þá ofan hamrana og sér Í ÞEIM (>**framskipun** forsetningarliðar) helli MJÖG STÓRAN. (lýsingarlið skipað á eftir nafnorði, sjá >**þjóðsagnastíl**) ÞAR GENGUR (>**framskipun**) hann inn og sér Búkollu bundna undir bálki í hellinum. Hann leysir hana undir eins og leiðir hana út á eftir sér og heldur heimleiðis. (Hér lýkur >**prítölu** 5.1.7 sem hófst við síðustu greinaskil)

(Hér hefst ný >**prítala** 5.1.7 sem nær söguna á enda) Þegar hann er kominn nokkuð á veg sér hann hvar KEMUR (>**framskipun** sagnorðs) ógnastór tröllskessa á eftir sér og önnur minni með henni. Hann sér, að stóra skessan er svo stórstíg, að hún muni undireins ná sér. ÞÁ SEGIR

HANN: (>inngangsorð beinnar ræðu) „Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“ (>bein ræða) HÚN SEGIR: (>inngangsorð beinnar ræðu) „Taktu hár úr hala mínum, og leggðu það á jörðina.“ (>bein ræða) Hann gjörir það. ÞÁ SEGIR (>framskipun) KÝRIN VIÐ HÁRIÐ: (>inngangsorð beinnar ræðu) „LEGG (>framskipun sagnorðs) ÉG Á OG MÆLI ÉG UM, (>epísk formúla 3.1.18) að þú verðir að svo stórri móðu, að ekki komist yfir NEMA FUGLINN FLJÚGANDI.“ (>epísk formúla 3.1.18 og >bein ræða) (Hér lýkur >sögulegri nútíð 2.2.2 að sinni) Í SAMA BILI (>framskipun forsetningarliðar) varð hárið að ógnastórri móðu. Þegar skessan kom að móðunni, (Hér hefst aftur >söguleg nútíð 2.2.2) SEGIR HÚN: (>inngangsorð beinnar ræðu) „EKKI SKAL (>framskipun) þér þetta duga, strákur.“ (>bein ræða) „Skrepptu heim, stelpa,“ (>bein ræða) SEGIR HÚN VIÐ MINNI SKESSUNA, (>inngangsorð beinnar ræðu) „og sæktu stóra nautið hans föður míns.“ (>bein ræða) Stelpan fer, og kemur með ógnastórt naut. (Hér lýkur >sögulegri nútíð 2.2.2 að sinni) Nautið drakk undireins upp alla móðuna. (Hér hefst aftur >söguleg nútíð 2.2.2) Þá sér karlsson, að skessan muni þegar ná sér, því hún var svo stórstíg. ÞÁ SEGIR (>framskipun) HANN: (>inngangsorð beinnar ræðu) „Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“ (>bein ræða) „Taktu hár úr hala mínum, og leggðu það á jörðina,“ (>bein ræða) SEGIR HÚN. (>inngangsorð beinnar ræðu) Hann gerir það. ÞÁ SEGIR BÚKOLLA VIÐ HÁRIÐ: (>inngangsorð beinnar ræðu) „LEGG (>framskipun sagnorðs) ÉG Á OG MÆLI ÉG UM, (>epísk formúla 3.1.18) að þú verðir að svo stóru báli, að enginn komist yfir NEMA FUGLINN FLJÚGANDI.“ (>epísk formúla 3.1.18 og >bein ræða) (Hér lýkur >sögulegri nútíð 2.2.2 að sinni) Og UNDIRREINS VARÐ (>framskipun) hárið að báli. Þegar skessan kom að bálinu, (Hér hefst aftur >söguleg nútíð 2.2.2) SEGIR HÚN: (>inngangsorð beinnar ræðu) „EKKI SKAL (>framskipun) þér þetta duga, strákur.“ (>bein ræða) „Farðu og sæktu stóra nautið hans föður míns, stelpa,“ (>bein ræða) SEGIR HÚN VIÐ MINNI SKESSUNA. (>inngangsorð beinnar ræðu) Hún fer og kemur með nautið. (Hér lýkur >sögulegri nútíð 2.2.2 að sinni) En nautið meig þá öllu vatninu, sem það drakk úr móðunni, og slökkti bálið. (Hér hefst aftur >söguleg nútíð 2.2.2) Nú sér karlsson, að skessan muni strax ná sér, því hún var svo stórstíg. ÞÁ SEGIR HANN: (>inngangsorð beinnar ræðu) „Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“ (>bein ræða) „Taktu hár úr hala mínum, og leggðu það á jörðina,“ (>bein ræða) SEGIR HÚN. (>inngangsorð beinnar ræðu) SÍÐAN SEGIR (>framskipun) HÚN VIÐ HÁRIÐ: (>inngangsorð beinnar ræðu) „LEGG (>framskipun sagnorðs) ÉG Á OG MÆLI ÉG UM,

(>**epísk formúla** 3.1.18) að þú verðir að svo stóru fjalli, sem enginn kemst yfir NEMA FUGLINN FLJÚGANDI.“ (>**epísk formúla** 3.1.18 og >**bein ræða**) (Hér lýkur >**sögulegri nútíð** 2.2.2 að sinni) VARÐ ÞÁ (>**framskipun**) hárið að svo háu fjalli, að karlsson sá ekki nema upp í heiðan himininn. (Hér hefst aftur >**söguleg nútíð** 2.2.2) Þegar skessan kemur að fjallinu, SEGIR HÚN: (>**inngangsorð beinnar ræðu**) „EKKI SKAL (>**framskipun**) þér þetta duga, strákur.“ (>**bein ræða**) „Sæktu stóra borjárníð hans föður míns, stelpa,“ (>**bein ræða**) SEGIR HÚN VIÐ MINNI SKESSUNA. (>**inngangsorð beinnar ræðu**) Stelpan fer og kemur með borjárníð. (Niðurlag sögunnar einkennist af >**fjöltengdum setningum** 2.3.2) BORAR ÞÁ (>**framskipun**) skessan gat á fjallið, (Hér lýkur >**sögulegri nútíð** 2.2.2) EN varð of bráð á sér, þegar hún sá í gegn, OG tróð sér inn í gatið, EN það var of þröngt, svo hún stóð þar föst, OG VARÐ (>**framskipun sagnorðs**) loks að steini í gatinu, OG þar er hún enn. EN karlsson komst heim með Búkollu sína, OG urðu KARL OG KERLING (>**epísk formúla** 3.1.18) því ósköp fegin. (Hér lýkur >**þrítölu** 5.1.7 sem hófst við síðustu greinaskil)“

VIÐAUKI 11: Lærð stíleinkenni

Hefð er fyrir því í umfjöllun um norrænar miðaldabókmenntir að ræða um lærðan stíl annars vegar og alþýðlegan hins vegar. M. Nygaard lagði grunninn að þessari skiptingu í grein sem hann ritaði árið 1896 um lærðan stíl á miðöldum. Í *Íslenskri setningafræði* (1920) benti Jakob Jóh. Smári á ýmis atriði sem setja mark sinn á lærðan stíl eins og hann þróast á Íslandi eftir siðbreytingu 16. aldar. Oskar Bandle skilgreindi lærðan stíl eftir siðbreytingu í riti sínu um málið á Guðbrandsbiblíu (1956:7–8), sem byggt er á eldra riti Jóns Helgasonar um málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (1929). Enn fremur er fjallað um lærðan stíl síðari alda í *Íslenskri stílfræði* (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:432). Sum þessara einkenna má rekja til >**lærdómsstíls** eins og hann birtist í íslenskum miðaldaritum, en önnur bera vott um bein áhrif frá erlendum málum, enda er oft um að ræða stíl þýddra bóka. Má þar nefna >**bakskipun** sagna í aukasetningum (sjá 3. lið hér á eftir). Hér verður getið um helstu einkennin, en dæmin um þau eru tekin úr *Píslarsögu síra Jón Magnússonar* sem skrifuð var upp úr miðri 17. öld (vitnað er í útgáfu píslarsögunnar frá 1967):

1. tíðari notkun lýsingahátta en gerst hefur í alþýðumáli (Bandle 1956:7–8):

a) lýsingarháttur nútíðar af áhrifssögnum er notaður sem viðurlag með frumlagi eða andlagi og kemur þá í stað aukasetningar. Dæmi: „oftnefndur yngri Jón bөлvaði og formælti mér undir augun þar í kirkjunni, liggjandi í bekknum, ÍTREKANDI í margar reisir þá formæling, SEGJANDI að ólukkan skyldi eiga alla þá, sem sér eða sínum þenkti það galdraverk; sést, að djöfullinn er sterkur, hertygjaður, VARÐVEITANDI sitt anddyri, svo allt skuli vera með mak“ (Jón Magnússon 1967:67,82).

b) lýsingarháttur þátíðar sem viðurlag frumlags og ígildi aukasetningar (Bandle 1956:8). Dæmi: „eg sé mig af þeim valdsmönnum EFTIRSKILINN og YFIRGEFINN; þykist eg hverjum öðrum JAFNBÚINN“ (Jón Magnússon 1967:73,120).

c) lýsingarháttur nútíðar og þátíðar notaðir sem sérstætt þágufall (latína: *dativus absolutus*; Jón Helgason 1929:107–108, Bandle 1956:8). Dæmi: „munda eg ekki heldur geta það aftur minnzt heldur en annað, sem mér var áður ÓHINDRUÐUM minnisfast og alkunnugt“ (Jón Magnússon 1967:92).

2. miðmynd er algeng í þolmyndarmerkingu (Bandle 1956:8). Dæmi: „að þvílík djöfulsplága mætti EYÐAST og AFVENDAST“ (Jón Magnússon 1967:55).

3. sagnorði er skipað aftast í aukasetningum (Bandle 1956:8, Jakob Jóh. Smári 1920:13). Dæmi: „í þeirra manna eigin myndum, vexti og yfirlitum, sem af verkinu VALDIR VORU; þó enginn vilji né þori þar um neitt AÐ TALA, bæði vegna háska af trölldómi og göldrum AÐ VÆNTA og líka vegna fylgis og forsvars sumra manna, sem tilveljast þeim málum ekki sízt hjástöðu AÐ VEITA“ (Jón Magnússon 1967:57,136).

4. orðið einn er víða notað sem óákveðinn greinir (Bandle 1956:330–331). Dæmi: „með fyrstunni sást EINN djöfull í hundslíki“ (Jón Magnússon 1967:57).

5. notkun lauss ákveðins greinis er tíð og þá yfirleitt oftar gripið til ábendingarfornafnsins sá en greinisins hinn (Bandle 1956:357–359). Dæmi: „hvort að SÁ argi óvinur, sem mig ofsótti og plagaði, mundi þá ætla að hrósa á mér sigri; og þar á ofan gjörði SÁ góði mann sér mikið ómak“ (Jón Magnússon 1967:123,125).

6. spurnarforðinn hvað og hver notuð sem tilvísunartenging (Bandle 1956:8,364–365). Dæmi: „helvísar kvalir á holdinu, HVAÐ hver kann auðsýnilegt merkja; hefði eg þau orð úr munni eða minni misst, sem eg klifaði á, HVERJUM eg vildi lífinu lengur halda“ (Jón Magnússon 1967:82,84).

7. eignarforðinn og eignarfallseinkunn eru langoftast sett framan við það orð sem þau eiga við (Jón Helgason 1929:171–172). Dæmi: „blés djöfullinn með skelfilegum hvæsum að MÍNU hægra eyra; af PHÝTONS kunstum og djöflalist tilskikkaður, sem ELDSINS náttúra mun útvísa“ (Jón Magnússon 1967:56,59).

Í eftirfarandi kafla úr *Píslarsögu síra Jóns Magnússonar* koma fram flest þau einkenni sem hér voru talin, en auk þess sýnir hann vel hvað málsgreinar gátu orðið flóknar og langar í lærðum stíl:

„Eftir það boð og bréf til þeirra KOMIÐ, mætti eg einu grimmdar áhlaupinu, svo eg lá svo sem í dauða, svo eg hugði, að mér mundi ekki lífs AUÐIÐ, – HVAÐ þau MÍN orð vottuðu, sem eg bað þá UPPSKRIFAST skyldu og sýslumönnunum voru fyrst sýnd í Arnardal, HVERRA aðgjörðir sem nú halda sumir eða kannske velflestir ÞESSA LANDS jústistar og yfirdómendur kristilegan og loflegan lagarétt VERA, að mér urðu SVO STÖDDUM, sem þá var kominn, og mínu húsi eftir mínu áliti, að fjörræðisefnum og svo sem að morðvopnum, sem síðar sýndi sig í sjálfu verki og ómótmælanlegum sannleika, því sýslumaðurinn, Magnús Magnússon, vildi öngvum mínum ráðum GEGNA, enn síður FRAMFARA, er eg við hann í Súðavík TALAÐI, HVERS bæði eg og allt það mál varð að gjalda og SNERIST til þyngri vandræða, en mér og öðrum til stærri kvala“ (Jón Magnússon 1967:65).